FRÉTTABLAÐIÐ

74. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 30. MARS 2016

# Ríkisstjórnin taki saman föggur sínar

**Áhrifafólk í stjórnarandstöðunni útlokar ekki að þau beiti sér fyrir stofnun rannsóknarnefndar. Bjarni vissi ekki að félag hans væri skráð á aflandssvæði.**

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Ólöf Nordal innanríkisráðherra eru á lista yfir einstaklinga sem tengjast skattaskjólum eða aflandsfélögum erlendis.

„Það er auðvitað alvarlegt mál ef stór hluti úr forystusveit stjórnmálaflokka er að taka þátt í öðrum veruleika en fólkið í landinu,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar. Hann segir að þetta sýni mikilvægi þess að kanna mál til fulls en vill ekkert fullyrða um hvort lögð verði fram vantrauststillaga.

„Mál geta verið ólík. Þau geta snúið að meðferð opinbers valds og þau geta líka snúið að einkahagsmunum en þau geta líka snúið að trúnaðarbroti gagnvart kjósendum, hvort staðreyndirnar séu annars eðlis en látið var í veðri vaka eða hvort staðreyndum var haldið leyndum,“ segir Árni.

Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna, hefur áður lagt til að stofnuð verði um málið rannsóknarnefnd. Árni Páll útilokar ekki að reynt yrði á slíkt. „Það er eitt sjónarmið ef önnur úrræði sem við höfum duga ekki,“ segir hann.

Svandís segir að staðan sem komin sé upp sé óboðleg. Stjórnarandstaðan hittist klukkan tvö í dag til að stilla saman strengi, en ekki séu öll kurl komin til grafar.

Spurð hvort þetta auki líkurnar á að vantraust verði lagt fram segir hún að þetta auki líkurnar á að ríkisstjórnin átti sig á því að hún þurfi að taka saman föggur sínar. „Það væri eðlilegast. Ríkisstjórninni er ekki sætt lengur, við þurfum kosningar.“

Bjarni Benediktsson keypti fyrir tíu árum fyrir 40 milljónir í eignarhaldsfélagi sem hélt utan um kaup á fasteign í Dúbaí.

„Ég gerði grein fyrir kaupum á félaginu og niðurlagningu þess gagnvart íslenskum skattyfirvöldum,“ skrifar Bjarni í stöðuuppfærslu á Facebook í gærkvöldi en segist ekki hafa vitað að umrætt félag væri skráð á aflandssvæði á Seychelleseyjum. „Það hafði þó engin áhrif í skattalegu samhengi.“

Árið 2009 var félagið sett í afskráningarferli og Bjarni segist ekki hafa tekið þátt í hlutabréfaviðskiptum síðan hann tók við formennsku í Sjálfstæðisflokknum.

Árið 2006 stofnaði Landsbankinn í Lúxemborg félag utan um hugsanleg viðskipti Tómasar Sigurðssonar, eiginmanns Ólafar Nordal, erlendis. Bankinn var skráður eigandi, Tómas og Ólöf með umboð fyrir félagið. „Það mun vera skýring á því að nöfn okkar eru á umræddum lista,“ segir Ólöf í yfirlýsingu á Facebook-síðu sinni. Tómas hafi þó aldrei tekið við eignarhaldsfélaginu og félagið aldrei farið í fjárfestingar.

Ólöf baðst undan viðtali vegna veikinda og ekki náðist í Bjarna sem er í fríi erlendis. – srs

> **Það er auðvitað alvarlegt mál ef stór hluti úr forystusveit stjórnmálaflokka er að taka þátt í öðrum veruleika en fólkið í landinu.**
>
> Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar



> **Ríkisstjórninni er ekki sætt lengur, við þurfum kosningar.**
>
> Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna.





## Fimmfalt fleiri hjólreiðaslys

**Bylting í vinsældum hjólreiða á Íslandi á sér þá dökku hlið að slysum hefur fjölgað gríðarlega, eins og tölfræði síðustu tíu ára gefur vísbendingar um. Þó er ljóst að slysin eru gróflega vanskráð. Fjórðungur þeirra sem slösuðust í hjólreiðaslysum í fyrra slasaðist mjög alvarlega og einn lést. Á sama tíma og hjólreiðar njóta sífellt meiri vinsælda og aðstaða til iðkunar batnar gera fáir sér grein fyrir því að tryggingavernd þeirra, fari eitthvað úrskeiðis, getur verið minni en þeir telja.** Sjá síðu 8

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Miss Universe Iceland haldin í haust

**LÍFIÐ** „Við Jorge Esteban, samstarfsmaður minn, höfum verið að þreifa fyrir okkur hérna og skoða mögulega staði til að hýsa keppnina og keppendur,“ segir Manuela Ósk Harðardóttir sem er í forsvari fyrir keppnina Miss Universe Iceland sem haldin verður með haustinu hér á landi. „Ég held að Íslendingar geri sér ekki alveg grein fyrir stærðargráðu þessarar keppni. Engin keppni fær meira áhorf en þessi á heimsvísu.“ – ga / sjá síðu 22



## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Venjuleg kona úr Hveragerði verður ekki forseti, segir Guðrún Hafsteinsdóttir, sem er nýendurkjörin sem formaður Samtaka iðnaðarins.



**SKOÐUN** Sigurjón B. Hafsteinsson skrifar um anda þjóðminjavörslu. 10-11

**SPORT** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta kom til baka í Aþenu. 12

**LÍFIÐ** Ástarsaga Justins Bieber og Selenu Gomez heldur áfram. 21-22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● LÍFIÐ


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg



Actavis

HVÍTA HÚSIÐ / Actavis 511072

ALLT Í STEYPIBOÐIÐ (BABYSHOWER)

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

OptiBac probiotics

Góð melting styrkir ónæmiskerfið

Stjórnaðu bakteríuflórunni með OptiBac



Fæst í apótekum og heilsubúðum

## Veður




Í dag er útlit fyrir hægan vind og bjart veður, en sunnanlands blæs af austri með éljagangi. Hiti breytist lítið, það verður áfram kalt á landinu.

SJÁ SÍÐU 16



Orly er 27. áfangastaður Icelandair í Evrópu. Fréttablaðið/Vilhelm

# Áætlunarflug til Orly-flugvallar í París hafið

**SAMGÖNGUR** Icelandair hóf í gær áætlunarflug til Orly-flugvallarins í París. Icelandair hefur boðið upp á flug til og frá París um Charles De Gaulle flugvöll, en býður nú upp á báða vellina, segir í tilkynningu.

Orly er 27. áfangastaður Icelandair í Evrópu, auk þess sem félagið flýgur til 16 áfangastaða í Norður-Ameríku. Orly er fjórði nýi áfangastaðurinn á þessu ári, auk Aberdeen, Chicago og Montreal. – sg

# Föngulegur flökkufugl



Cardulis spinus, eða barrfinka, náðist á filmu í Mosfellsbæ í gær en barrfinkan heldur gjarnan norður á slóðir ef fæðuúrval í varplendi hennar í Evrópu er af skornum skammti. Barrfinkan er auðþekkjanleg á gulum fjöðrunum en með henni á myndinni er auðnutittlingur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eingöngu ein fasteignasala uppfyllti öll skilyrði

**NEYTENDUR** Aðeins ein af 109 fasteignasölum sem Neytendastofa kannaði í byrjun árs uppfyllti öll skilyrði sem gerð eru til upplýsinga um þjónustuna. Það er fasteignasalan Nýtt heimili.

Athugað var meðal annars hvort verð á öllum þjónustuþáttum væri sýnilegt á staðnum og á vefsíðum fyrirtækjanna þar sem skylt er að gefa upp verð bæði þar sem þjónustan er kynnt og seld. Þar að auki þarf sérstaklega að taka það fram ef annar kostnaður bætist við verðið.

Flestar athugasemdir sem voru gerðar voru vegna skorts á upplýsingum um söluaðilann.

Jafnframt vantaði sýnilega söluþóknun á flestar vefsíður. Greint er frá þessu á vef Neytendastofu. – ibs

# Útskrifaður af gjörgæslu

**LÖGREGLUMÁL** Ungi maðurinn sem ráðist var á fyrir utan stúdentaíbúðir við Sæmundargötu aðfaranótt sunnudagsins 6. mars var í síðustu viku útskrifaður af gjörgæsludeild Landspítala.

Maðurinn, sem er á þrítugsaldri, var í lífshættu þegar hann var fluttur á slysadeild eftir árásina. Hann var stunginn með hnífi í bakið sem olli rispu á lunga og fór djúpt inn í lifrina. Gekkst hann undir aðgerð og var í framhaldinu sofandi í öndunarvél.

Árásarmaðurinn er enn í gæsluvarðhaldi á grundvelli almannahagsmuna og verður þar að óbreyttu til 6. apríl. Hann er undir sterkum grun um tilraun til manndráps eða sérstaklega hættulega líkamsárás að því er fram kom í gæsluvarðhaldsúrskurðinum yfir honum fyrr í mánuðinum.

Mennirnir eru báðir fæddir árið 1989 og eru nemendur við Háskóla Íslands. Hvorugur þeirra hefur komið við sögu lögreglu áður. - ktd, gb




# Verðandi foreldrar efins um bólusetningar

Um 15 prósent verðandi foreldra í nýrri könnun töldu bólusetningar ekki nauðsynlegar til að vernda heilsu barna. Engu að síður ætluðu nær allir að láta bólusetja börnin sín. Tveir af hverjum þremur viðurkenndu litla þekkingu á bóluefnum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjötta hvert verðandi foreldri sem tók þátt í nýrri könnun var nokkuð eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu að bólusetningar væru öruggar. Þá var álíka stór hópur eða 15,3 prósent ósammála því að bólusetningar væru nauðsynlegar til að vernda heilsu barna. Könnunin var hluti af meistararitgerð Maríu Kristinsdóttur hjúkrunarfræðings í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands. Könnunin náði til 470 einstaklinga og var lögð fyrir hópa verðandi foreldra á Facebook.

Þrátt fyrir efasemdir hluta þátttakenda um gagnsemi bólusetninga ætluðu 95,3 prósent þeirra engu að síður að láta bólusetja börn sín að fullu. Þá höfðu 3,5 prósent ekki leitt hugann að bólusetningum eða tekið ákvörðun um að bólusetningar, 0,4 prósent hugðust ætla að láta bólusetja börn sín að hluta og 0,6 prósent ekki að láta bólusetja börn sín. María segir það hafa komið á óvart hve hlutfall foreldra sem töldu bólusetningar ekki öruggar eða nauðsynlegar hafi verið hátt. „Sérstaklega í ljósi þess að langstærstur meirihlutinn var búinn að taka ákvörðun um að láta bólusetja barnið sitt,“ segir María.

„Það fær mann til að velta því fyrir sér af hverju fólk lætur bólusetja yfirleitt. Hvort það sé af því allir geri það,“ bætir hún við.

Þá bendir María á að þriðjungur þátttakenda hafi sagst þekkja sjúkdómana lítið sem bólusett er gegn og tveir af hverjum þremur viti lítið um bóluefnin sjálf. María sagði það athyglisvert að 1,9 prósent þátttakenda hafi óttast að bólusetningar gætu leitt til dauðsfalla, 2,3 prósent til floga og 3,2 prósent til einhverfu.

Haraldur Briem, settur sóttvarnalæknir, segir bólusetningar vera álitnar öruggar. „Svona í stóru myndinni flokkast þær sem öruggar. Ávinningurinn er svo miklu miklu meiri af því heldur en ef þú gerðir það ekki að það er ekki stætt á öðru,“ segir hann.

„Það þarf að ná ákveðnu hlutfalli barna sem eru bólusett til að ná hjarðónæmi. Við vitum að það er alltaf ákveðið hlutfall einstaklinga sem alls ekki vill þetta og er á móti þessu og svo eru kannski einhverjir með undirliggjandi sjúkdóma en þá verja allir hinir sem eru bólusettir þessa einstaklinga,“ segir hann. Þá bendir Haraldur á nýlega könnun sem hann og fleiri íslenskir heilbrigðisstarfsmenn unnu þar sem fram kom viðhorf Íslendinga til bólusetninga. Þar kom fram að tíu prósent almennings óttuðust að bólusetningar gætu haft alvarlega afleiðingar á heilsu þeirra sem væru bólusettir.

Þátttakendur í könnun Maríu voru 470 og voru 90,5 prósent kvenkyns og 9,5 prósent karlkyns. Þá voru 58,6 prósent þátttakenda á þrítugsaldri og 38,3 prósent á fertugsaldri. Alls bjuggu 78,3 prósent þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu.

ingvar@frettabladid.is

## Hvað veist þú mikið um bólusetningar?

Í könnuninni voru lagðar fram fjórar fullyrðingar fyrir þátttakendur sem áttu að segja til um hvort þær væru sannar eða ósannar. María segir að það hafi komið á óvart að allt að helmingur hafi viðurkennt að hann vissi ekki hvort fullyrðingarnar væru sannar eða ósannar og lægst hafi innan við þriðjungur svarað rétt. Fullyrðingarnar fjórar eru hér fyrir neðan og lesendur geta spreytt sig sjálfir á þeim. Réttu svör eru á hvolfi fyrir neðan fullyrðingarnar og innan sviga má sjá hlutfall þeirra sem svöruðu spurningunni rétt.

**Eru eftirfarandi fullyrðingar sannar eða ósannar?**

1. Engin læknandi meðferð eða lyf eru til gegn lömunarveiki
2. Marktæk fylgni er á milli einhverfu og MMR bólusetningar
3. Kvikasilfursambönd finnast í bóluefnum sem notuð eru í ung- og smábarnavernd á Íslandi
4. Sjúkdómar sem bólusett er gegn í ung- og smábarnavernd valda enn í dag dauðsföllum víða um heim

1. Sönn (32,6%) 2.Ósönn (78,1%) 3. Ósönn (33,8%) 4. Satt (68,1%).

> Það fær mann til að velta því fyrir sér af hverju fólk lætur bólusetja yfirleitt. Hvort það sé af því allir geri það.



María Kristinsdóttir
hjúkrunarfræðingur




Volkswagen Golf hefur verið einn vinsælasti bíll á Íslandi í mörg ár og ekki að ástæðulausu. Hann er glæsilegur í alla staði, rúmgóður, öruggur og á frábæru verði. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða Golf þér líkar best.

### Trendline
verð frá **3.090.000 kr.**

- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Þokuljós með beygjulýsingu í framstuðurum
- Rafmagnshitaðir og stillanlegir hliðarspeglar
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Hæðarstillanlegt framsæti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Loftkæling
- App Connect fyrir Mirror Link, Android Auto og Apple Car Play
- Composition Media margmiðlunartæki með 6,5" snertiskjá
- Bluetooth búnaður fyrir síma

### Comfortline
verð frá **3.590.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Trendline:**
- Bakkmyndavél
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Hiti í stýri
- Dökkar rúður að aftan
- Comfort sæti með „Dessin Storm" áklæði
- Viðvörunarkerfi ökumanns
- Skíðalúga í aftursætum með 2 glasahöldurum
- 15" Lyon álfelgur 195/65 R15

### Highline
verð frá **3.890.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**
- Sportsæti með Alcantara áklæði
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- „Piano Black" innlegg í innréttingu
- Króm í neðra grilli
- Lyklalaust aðgengi og ræsing
- Sóllúga
- 16" Dover álfelgur 205/55 R16

### R-Line
verð **4.030.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**
- Sportsæti
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- Sóllúga
- Xenon ljós með LED dagljósum
- R-Line útlit
- 17" Dijon álfelgur með sportfjöðrun 225/45 R17

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Aðeins sjö öldrunarheimili af 74 eru með þjónustusamning

**FJÁRMÁL** Einungis hafa verið gerðir þjónustusamningar við sjö af 74 öldrunarheimilum í landinu. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að hraða samningum við heimilin, segir í nýrri skýrslu stofnunarinnar.

Árið 2013 benti Ríkisendurskoðun á að velferðarráðuneytið hefði einungis gert þjónustusamninga við átta af 73 öldrunarheimilum í landinu. Stofnunin hvatti ráðuneytið til að bæta úr þessu og efla eftirlit sitt með þjónustu og rekstri heimilanna.

Í nýrri eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að samningagerð við öldrunarheimili og eftirlit með þjónustu þeirra og rekstri séu nú lögbundin verkefni Sjúkratrygginga Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá þeirri stofnun liggja fyrir drög að rammasamningi við hjúkrunarheimili sem sinna öldrunarþjónustu. Áætlað er að búið verði að semja við heimilin á þeim grundvelli á þessu ári. Af þessum sökum telur Ríkisendurskoðun ekki rétt að ítreka ábendingar sínar frá árinu 2013. Stofnunin bendir þó á að samningagerðin hafi gengið hægt og að nú séu einungis í gildi þjónustusamningar við sjö af 74 öldrunarheimilum í landinu. Stofnunin telur mikilvægt að hraða þessari vinnu.

Samkvæmt athugun Ríkisendurskoðunar hafa framlög ríkissjóðs til reksturs öldrunarheimila aukist um sex milljarða króna frá 2013, eða um 27 prósent. Samkvæmt ríkisreikningi var framlagið tæplega 22 milljarðar árið 2013 en gert er ráð fyrir 28 milljarða framlagi árið 2016.

Í febrúar síðastliðnum veittu 95 stofnanir á landinu þjónustu í rýmum fyrir aldraða. Þar af voru 74 stofnanir reknar af öðrum en ríkinu og bjóða 28 þeirra aðeins upp á dagdvalarrými. – **shá**


**Af sjö samningum í gildi eru nokkrir að renna út.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**Svarti riddarinn getur glaðst yfir aðsóknartölum þrátt fyrir lélega dóma.** MYND/WARNER BROS

## Ofurhetjur slá aðsóknarmet

**KVIKMYNDIR** Nýjasta ofurhetjumyndin, Batman v Superman: Dawn of Justice, hefur halað inn 424 milljónir dollara, sem nemur 53 milljörðum íslenskra króna, í aðsóknartekjur úti um allan heim á fyrstu fimm sýningardögunum. Myndin hefur víða slegið aðsóknarmet þrátt fyrir lélega dóma.

Aðsóknartekjur í Bandaríkjunum á fyrstu fimm sýningardögunum námu 170 milljónum dollara, 21 milljarði króna. Engin mynd sem fer í sýningu í mars hefur náð slíkum árangri áður. Auk þess er þetta sjötta stærsta opnunarhelgi sögunnar.

Kostnaður við myndina nam 250 milljónum dollara, eða sem nemur rúmum 30 milljörðum íslenskra króna. – **sg**

## Færri fylgjast með netnotkun

**SVÍÞJÓÐ** Sveitarfélögum og opinberum stofnunum sem láta fyrirtæki skoða netnotkun Svía hefur fækkað, hálfu ári eftir að sænska blaðið Dagens Nyheter greindi frá málinu.

Samkvæmt frétt Dagens Nyheter innihéldu opinberu vefsíðurnar leitaraðgerðir sem kortlögðu netnotkun Svía í smáatriðum. Upplýsingarnar voru sendar erlendum fyrirtækjum sem notuðu þær vegna auglýsingasölu. Alls voru 86 prósent sveitarfélaganna með slíkar leitaraðgerðir á vefsíðum sínum og 53 prósent ýmissa annarra opinberra aðila. Nú eru 43 prósent sveitarfélaganna með slíka leitaraðgerð. – **ibs**

# Frestur ríkisstjórnar að renna út

**Ríkisstjórnin hefur ekki lagt fram helming þeirra þingmála sem hún boðaði við upphaf þings. Fjölgun seðlabankastjóra bíður. Húsnæðismálin flóknari en búist var við. Heilbrigðisráðherra hefur staðið sig best.**

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa lagt fram fjörutíu prósent þeirra mála sem þeir boðuðu með þingmálaskrá í upphafi vetrarþings. Framlagningarfrestur nýrra frumvarpa rennur út á morgun.

Sem dæmi um frumvarp sem beðið er eftir er frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra um kennitöluflakk. Stöð 2 greindi frá því í janúar að ríkisskattstjóri áætlaði að ríkissjóður færi á mis við 80 milljarða króna vegna skattaundanskota á ári hverju og að kennitöluflakk væri hluti vandans.

Í yfirlýsingu frá ASÍ um sömu mundir sagði að lengi hefði ríkt andvaraleysi hjá stjórnvöldum gagnvart kennitöluflakki.

Þá er beðið eftir frumvarpi um ný útlendingalög. Þverpólitísk þingmannanefnd kynnti drög að frumvarpinu í ágúst í fyrra. Er frumvarpinu meðal annars ætlað að stuðla að samræmingu laga um útlendinga og laga um atvinnuréttindi útlendinga. Þá eru nýmæli í frumvarpinu að áhersla sé lögð á réttindi barna í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og reynt að tryggja börnum vernd. Fréttablaðið greindi frá því í vetur að í einhverjum tilfellum væri brottvísun barna sem sækja um hæli hér á landi brot á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Meirihluti húsnæðisfrumvarpa félagsmálaráðherra er fram kominn en þó vantar enn frumvarp um Íbúðastofnun og um húsnæðislán. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ólíklegt að þessi frumvörp komi fram en þau fela í sér róttækar breytingar á Íbúðalánasjóði og húsnæðislánakerfinu.

Þá er ekki komið fram frumvarp um að fjölga seðlabankastjórum úr einum í þrjá. Hugmyndir forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar um þessa breytingu var gagnrýnd mjög þegar hún kom fram. Jón Daníelsson, prófessor í hagfræði og fjármálum við London School of Economics, sagði fjölgunina misráðna í mars í fyrra.

„Fyrir mér er þetta alveg skýrt, að það á að vera einn seðlabankastjóri og tveir eða þrír undirmenn hans. Það er svo hægt að skilgreina það nákvæmlega hvernig valdahlutfallið er á milli þessara manna,“ sagði Jón á Bylgjunni við það tilefni.

Heilbrigðisráðherra hefur staðið sig best og skilað flestum sinna frumvarpa ef frá eru talin frumvarp um tóbaksvarnir og frumvarp um breytingu á lögum um málefni aldraða. Þá hefur hann ekki enn skilað þingsályktunartillögu um heilbrigðisstefnu til ársins 2020.

Þó er beðið með eftirvæntingu eftir skýrslu ráðherra um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum vímuefnaneyslu. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur verið sá ráðherra sem hefur talað mest í þá átt að vilja afglæpavæða fíkniefni.

snaeros@frettabladid.is


**Ráðherrar ríkisstjórnarinnar boðuðu 210 þingmál. 126 þeirra bíða enn framlagningar en 84 eru komin fram.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**126**

**mál af 210 bíða enn framlagningar. Frestur rennur út á morgun.**

### Dæmi um mál sem ekki eru komin fram

- Frumvarp um jafna meðferð á vinnumarkaði
- Frumvarp um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Frumvarp um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum
- Frumvarp vegna útboðs á aflandskrónum
- Frumvarp um skipan ferðamála




# Bændur samþykktu samningana

**LANDBÚNAÐUR** Kúabændur og sauðfjárbændur hafa samþykkt nýju búvörusamningana, sem undirritaðir voru 19. febrúar síðastliðinn.

Atkvæðagreiðslu lauk 22. mars en úrslitin voru tilkynnt í gær.

Í kosningu meðal sauðfjárbænda samþykktu rúmlega sextíu prósent samninganna, en 37 prósent voru á móti. Kosningaþátttakan var 57 prósent.

Í kosningu meðal nautgripabænda samþykktu 75 prósent samninginn en 24 prósent voru á móti. Kosningaþátttakan var sjötíu prósent.

Samningarnir gilda til tíu ára og fela í sér að útgjöld ríkisins munu hækka um níu hundruð milljónir á árinu 2017 en fara síðan lækkandi.

Það voru fulltrúar Bændasamtaka Íslands sem skrifuðu undir samningana ásamt Sigurði Inga Jóhannssyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra. – **gb**


**Samningarnir gilda til tíu ára og fela í sér að útgjöld ríkisins munu hækka um níu hundruð milljónir á árinu 2017 en fara síðan lækkandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SUZUKI
Way of Life!
FJÓRHJÓLADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR OG FULLUR SJÁLFSTRAUSTS!
S-CROSS
VERÐ FRÁ KR.
4.240.000
SX4 S-CROSS
DYNAMO REYKJAVÍK
Suzuki S-CROSS er öflugur, fjórhjóladrifinn snillingur með ríkulegan staðalbúnað.
Meðaleyðsla er aðeins 5,7 l/100km sjálfskiptur.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
ALLGRIP
All-grip skapar akstursеiginleika í sérflokki.
Komdu og prófaðu. Þú kemst alla leið!
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## Apple hrósar sigri gegn FBI

**BANDARÍKIN** Tæknifyrirtækið Apple hyggst halda áfram að treysta öryggi snjallsíma sinna, þótt reiknað sé með því að bandarísk stjórnvöld haldi áfram að reyna að komast fram hjá öryggisráðstöfunum.

Bandaríska alríkislögreglan, FBI, hætti við málaferli sín gegn Apple eftir að hafa tekist að brjótast inn í síma sakborningsins Syed Farook, sem í desember síðastliðnum myrti fjórtán manns ásamt eiginkonu sinni Tashfeen Malik.

FBI hafði krafist þess að Apple myndi útbúa eins konar bakdyraleið inn í símana, sem lögreglan gæti notað til að skoða síma meintra glæpamanna.

Apple þvertók fyrir það og hrósar nú sigri eftir að FBI féll frá málaferlunum. **– gb**

## Aukið vændi í Danmörku

**DANMÖRK** Borgarfulltrúar í Ráðhúsinu í Kaupmannahöfn hvetja ríkisstjórnina til að herða aðgerðir gegn auknu vændi á götum úti. Samkvæmt frétt Politiken hafa samtökin Hope Now og Reden International greint frá fleiri vændiskonum á götum borgarinnar. Vegna aukinnar samkeppni eru þær farnar að leita viðskiptavina á Ráðhústorginu og Strikinu auk annarra staða.

Haft er eftir einum borgarfulltrúanna að hjálpa þurfi konunum sem kæra karlana sem gera þær út. Nú séu þær bara sendar á þann stað sem þær komu frá. Þar séu þær ekki öruggar fyrir þeim sem sendu þær í vændið. **– ibs**

## Snúa aftur til heimkynna sinna



Öryggisverðir fylgjast með þegar um það bil 250 fjölskyldur snúa aftur til heimila sinna í Anbar-héraði í Írak eftir að vígasveitir Íslamska ríkisins voru hraktar af svæðinu. Íraski herinn hefur sótt hart gegn vígasveitunum undanfarnar vikur og meðal annars náð Ramadi, höfuðborg héraðsins, aftur á sitt vald. Margir íbúarnir létu ekki segja sér það tvisvar, þegar ljóst var að þeir kæmust aftur heim til sín. NORDICPHOTOS/AFP



Recep Tayyip Erdogan kallaði þýska sendiherrann á sinn fund. NORDICPHOTOS/AFP

## Forseti Tyrklands móðgaður út í Þjóðverja

**ÞÝSKALAND** Forseti Tyrklands kallaði sendiherra Þýskalands á sinn fund til að kvarta undan gamanþætti á þýskri sjónvarpsstöð, þar sem óspart var gert grín að tyrkneska forsetanum.

Í þættinum Extra 3, sem sendur er út á þýsku sjónvarpsstöðinni NDR, var sýnt nokkurra mínútna langt tónlistarmyndband, þar sem Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseti var dreginn sundur og saman í háði.

Myndbandið heitir „Erdowie, Erdowo, Erdogan“, eða „Erdohvernig, Erdohvar, Erdogan“. Þar voru sýndar kostulegar myndir af ýmsum tilburðum Erdogans á opinberum vettvangi, og inn á milli eru svo sýndar myndir af tyrkneskum lögreglu- og hermönnum að berja á mótmælendum.

Á meðan barið er á konum er til dæmis sungið: „Jafnrétti fyrir konur, jafnar barsmíðar.“

Martin Erdmann sendiherra mátti sitja undir gagnrýni Erdogans, sem krafðist þess að þátturinn yrði aldrei sýndur aftur. Helst vildi hann að sjónvarpsstöðin eyddi myndbandinu.

Fréttir af fundi Erdogans með sendiherranum urðu hins vegar til þess að auka mjög áhorf á myndbandið á netinu. Sjónvarpsstöðin brást við með því að endurbirta myndbandið á Twitter, og nú einnig með enskum og tyrkneskum texta. **– gb**


SENDIRÁÐSBÍLL TIL SÖLU

**Volvo S80 D5 AWD, árg. 2007**

Ekinn 124.000 km. Dísel, sjálfskiptur, leðursæti. Óskað er tilboða sem eru að lágmarki 2.100.000 kr. Lokað verður fyrir tilboð kl. 10:00, miðvikudaginn 6. apríl n.k.

Upplýsingar má nálgast í Pólska sendiráðinu í síma: 844 5052, eða í tölvupósti: reykjavik.info@msz.gov.p



Tilboð þurfa að berast til Pólska sendiráðsins, Þórunnartúni 2, í lokuðu umslagi.


# Áfall fyrir hægri öfl

**Verkalýðshreyfingin í Bandaríkjunum vann óvæntan sigur í máli sem afgreitt var úr hæstarétti í gær. Fráfall dómarans Antonins Scalia virðist þar hafa ráðið úrslitum.**

**BANDARÍKIN** Hæstiréttur Bandaríkjanna staðfesti í gær úrskurð áfrýjunardómstóls um að félög ríkisstarfsmanna geti áfram innheimt félagsgjöld af ófélagsbundnum starfsmönnum ríkisstofnana.

Enginn hafði reiknað með því að launþegahreyfingin myndi vinna þetta mál, en eftir að Antonin Scalia dómari lést í síðasta mánuði hafa dómarar hæstaréttar verið átta talsins.

Dómurinn klofnaði í þessu máli. Fjórir dómarar studdu úrskurð áfrýjunardómstóls, sem hafði dæmt verkalýðsfélaginu í vil, en fjórir voru á móti. Þar með stendur úrskurður áfrýjunardómstólsins.

Hefðu fimm dómarar verið andvígir, eins og allt stefndi í þangað til Scalia lést, þá hefði verkalýðshreyfingin tapað málinu.

Þegar málið var tekið fyrir í hæstarétti í janúar fór ekki á milli mála, að því er fram kemur í frásögn bandarísku fréttastofunnar Associated Press, að Scalia myndi að öllum líkindum greiða atkvæði gegn verkalýðshreyfingunni.

Deilan snerist um fyrirkomulag, sem verið hefur við lýði í nærri fjóra áratugi. Verkalýðsfélögum hefur verið heimilt að innheimta félagsgjöld af öllu starfsfólki, hvort sem það hefur gengið í félögin eða ekki.

Litið hefur verið svo á að þeir, sem ekki hafa gengið í félögin, njóti engu að síður góðs af kjarasamningum sem félögin gera við launagreiðendur. Þeim beri því að greiða til félaganna sanngjörn félagsgjöld, enda hafi félögin útgjöld af því að standa í samningaviðræðum.

Niðurstaðan í hæstarétti í gær þykir mikill ósigur fyrir hægri öfl í Bandaríkjunum sem hafa lengi barist gegn þessu fyrirkomulagi á þeim forsendum að ekkert réttlæti það að félög geti tekið fé af fólki sem ekki er félagsbundið.



Hópur fólks beið við byggingu hæstaréttar Bandaríkjanna í Washingtonborg í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**8**

**dómarar sitja nú í hæstarétti Bandaríkjanna. Venjulega eru dómararnir níu.**

Togstreita er nú milli forystusveitar Repúblikanaflokksins og Baracks Obama forseta um skipan nýs hæstaréttardómara. Obama hefur tilnefnt Merrick Garland í embættið, en þarf samþykki öldungadeildar Bandaríkjaþings. Repúblikanar vilja hins vegar bíða með að staðfesta tilnefninguna þangað til búið er að kjósa nýjan forseta. Kosningarnar verða í nóvember.

Obama gerði sér far um að tilnefna í lausa dómarasætið mann, sem repúblikanar ættu auðvelt með að fallast á, jafnvel þótt hann þætti ekki líklegur til að draga taum hægri manna sérstaklega.

gudsteinn@frettabladid.is




NJÓTTU NETFLIX Í 4K

LG · IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · TRIPLE XD ENGINE · 1600Hz PMI · DVB-T2 · harman/kardon · NETFLIX 4K

55"

**LG 55UF850V**

- 55" 3D Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160 upplausn
- 1600Hz PMI (Picture Master Index)
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- 20W hátalarakerfi hannað af Harman / Kardon
- webOS 2.0 - Nettenging með opnum netvafra
- NETFLIX - 4K
- Wi-Fi þráðlaus móttakari innbyggður
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- apt-X Bluetooth þráðlaus tenging
- Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari
- Innbyggður gerfihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / 1x USB 3.0 tengi
- Magic Remote Fylgir
- Apple eða Android app

**199.990**

VERÐ ÁÐUR **299.990**

# SJÓNVARPSTILBOÐ




LG

**LG 49UF695V**

- 49" Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Micro Pixel Control / Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- NetCast nettenging með opnum vafra
- Þráðlaus Wi-Fi móttakari
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- Stafrænn DVB-T/C/T2/S/S2 móttakari
- Gervihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / USB 3.0 tengi / USB upptökaka
- 3 x HDMI, Scart, Component tengi
- Ethernet, Optical út & CI rauf
- Magic Remote og App fyrir Apple og Android síma / spjaldtölvur

49"

**159.990**

VERÐ ÁÐUR **179.990**

IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · TRIPLE XD ENGINE · 700Hz PMI · NETFLIX 4K · DVB-T2

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

LG Life's Good

# Hjólaslysum fjölgað um 500% á áratug

**Hjólreiðaslys eru gróflega vanskráð hérlendis. Tölur sem liggja fyrir benda hins vegar til mikillar fjölgunar alvarlegra slysa ár frá ári síðasta áratuginn. Einn lést í hjólreiðaslysi á síðasta ári og 31 slasaðist alvarlega. Þeir sem hjóla ættu að gaumgæfa tryggingamál sín.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Hjólreiðaslysum á Íslandi hefur fjölgað um 500 prósent á síðustu tíu árum samkvæmt tölum sem lögfræðistofan Landslög hefur tekið saman og vann upp úr skýrslum Samgöngustofu um umferðarslys og tölum Landspítalans. Lögmaður hefur uppi varnaðarorð til allra sem hjóla um að þeir gaumgæfi tryggingavernd sína áður en illa fer.

Samkvæmt tölum Samgöngustofu voru skráð hjólreiðaslys á Íslandi 25 talsins árið 2005 en fjölgaði í 120 árið 2015, eða um tæp 500 prósent. Tölur Samgöngustofu segja þó aðeins lítinn hluta sögunnar því skráð hjólreiðaslys hjá stofnuninni eru 10 prósent af þeim fjölda sem leitar á bráðadeild Landspítala vegna hjólreiðaslysa á hverju ári. Þá eru ótaldir þeir sem leituðu til heilsugæslunnar eða annarra heilbrigðisstofnana. Því má áætla að árið 2015 hafi hjólreiðaslys á Íslandi verið vel á annað þúsund talsins. Karlar eru í meirihluta þeirra sem slasast í hjólreiðaslysum.

Fjórðungur þeirra sem slösuðust í hjólreiðaslysum árið 2015, 31 af 120, slasaðist mjög alvarlega. Tölfræðin sýnir að áverkar útlimum og mjaðmagrind séu algengastir. Þá lést einn í hjólreiðaslysi í fyrra.

Haustið 2014 var gerð úttekt á öryggismálum á nokkrum völdum hjólastígum á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru skoðaðir 28,5 kílómetrar af hjólastígum og í ljós kom að 16 prósent þeirra staða sem rannsakaðir voru, voru metin hættuleg eða að mikil hætta væri á slysum.

Sveinbjörn Claessen, lögmaður hjá Landslögum, segir það blasa við að bylting hafi orðið í vinsældum hjólreiða á meðal almennings, og rík ástæða sé til að hvetja hjólreiðafólk til að huga að hlífðar- og öryggisbúnaði sem getur dregið úr afleiðingunum ef eitthvað fer úrskeiðis. Fæstir geri sér nefnilega grein fyrir því að hljótist líkamsmeiðsli af er mikilvægt að hjólreiðafólk hafi keypt tryggingu sem tekur til slíkra slysa. Langflestir hafi svokallaða heimilistryggingu sem feli meðal annars í sér slysatryggingu vegna slysa sem verða í frítíma hins vátryggða.

„Í fyrsta lagi eru umsamdar vátryggingarfjárhæðir að jafnaði lágar sem leiðir til þess að greiddar slysabætur eru í sumum tilvikum lægri en afleiðingar slyss gefa tilefni til. Í öðru lagi er í skilmálum allra vátryggingarfélaganna að finna undanþágu þess efnis að félögin bæta ekki „slys sem vátryggðir 16 ára og eldri verða fyrir við keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum“. Skilmálar félaganna eru nánast samhljóða um þetta,“ segir Sveinbjörn.

Merking þess sé að mikilvægt sé að hjólreiðafólk sem tekur þátt í „keppni“ eða undirbýr sig fyrir keppni, sé meðvitað um að slysatryggingin í heimilistryggingunni nær hugsanlega ekki til slyss sem það verður fyrir þegar atvikum háttar svo. Ef vátryggingarfélögin skilgreina WOW cyclothon, Jökulmíluna eða KIA-gullhringinn sem „keppni“ í skilningi skilmála liggur ekki á lausu hvort slys í slíkum keppnum séu bótaskyld úr heimilistryggingu hjólreiðamannsins.

Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að baktryggja sig. Leiðin til þess er að kaupa svokallaða almenna slysatryggingu sem nær til æfinga og keppni. Þetta á auðvitað líka við um fleiri íþróttir en hjólreiðar. Mikilvægt er að huga að vátryggingarfjárhæðinni sem hjólreiðamenn, og annað íþróttafólk vill tryggja sig fyrir og gæta að því að tryggingin taki til keppni, en hvort tveggja er valkvætt,“ segir Sveinbjörn.

svavar@frettabladid.is

### Hjólreiðaslys á tímabilinu 2006 til 2015

| Ár | Alvarlega slasaðir | Lítið slasaðir | Látnir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2006 | 9 | 36 | | 45 |
| 2007 | 10 | 53 | | 63 |
| 2008 | 12 | 44 | | 56 |
| 2009 | 10 | 36 | | 46 |
| 2010 | 21 | 61 | | 82 |
| 2011 | 19 | 65 | | 84 |
| 2012 | 21 | 68 | | 89 |
| 2013 | 37 | 58 | | 95 |
| 2014 | 31 | 92 | | 123 |
| 2015 | 31 | 88 | 1 | 120 |




Ef taka á þátt í keppni er ekki úr vegi að kanna hvernig tryggingum er háttað. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að baktryggja sig. Leiðin til þess er að kaupa svokallaða almenna slysatryggingu sem nær til æfinga og keppni.



Sveinbjörn Claessen, lögmaður hjá Landslögum



Uppbygging við Bakka og Þeistareyki er mikil. Um átta hundruð starfsmenn verða á svæðinu. MYND/FRAMSÝN

## Vinnufyrirkomulag með öðrum hætti en á Íslandi

**KJARAMÁL** LNS Saga, aðalverktaki við byggingu stöðvarhúss Þeistareykjavirkjunar, vill taka fram að vinnufyrirkomulag hjá pólskum verktaka hafi verið með öðrum hætti en Íslendingar eiga að venjast á vinnumarkaði. Fréttablaðið greindi frá því að verkalýðsfélagið Framsýn hefði unnið að því að leiðrétta kjör á fimmta tug starfsmanna undirverktaka LNS Saga.

Á móti vöktum, sex daga á viku í fjórar vikur, hafi starfsmenn fengið frí til að fara heim til Póllands í tvær vikur. Verkalýðsfélagið Framsýn hafi gert athugasemd við þetta fyrirkomulag og í kjölfarið hafi farið fram viðræður á milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um málið. Aldrei hafi staðið til að hlunnfara starfsmenn um umsamin kjör. „LNS Saga hefur skýra stefnu um að allir verktakar á vegum fyrirtækisins fari eftir íslenskri vinnulöggjöf í einu og öllu,“ segir Ásgeir Loftsson, framkvæmdastjóri LNS Saga.

Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Framsýnar, segir þörf á miklu eftirliti því tugir fyrirtækja vinni að uppbyggingu við Húsavík. Stærstu verkkauparnir sem koma að uppbyggingu eru Landsvirkjun, Vegagerðin og Landsnet. 800 starfsmenn verða á svæðinu í vinnu þegar mest verður og Framsýn hefur bætt við manni í eftirlit. **– kbg**

## Hafa fundað stíft frá því í byrjun mars

**KJARAMÁL** Enn hefur ekki komið til þess að sjómenn hafi hafið undirbúning verkfallsaðgerða vegna yfirstandandi kjaraviðræðna við útgerðarmenn. „Við vildum láta reyna til þrautar áður en farið yrði í þá vegferð,“ segir Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands.

Samninganefndir Sjómannasambandsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hittust á samningafundi um miðjan dag í gær. Hólmgeir segir að fundað hafi verið stíft síðustu vikur. „Við höfum verið að funda vikulega og rúmlega það síðan í byrjun mars,“ segir hann.

Viðræður milli sjómanna, sem hafa verið samningslausir frá því í ársbyrjun 2011, og útgerðarmanna hófust aftur á síðasta ári, en upp úr þeim slitnaði í byrjun desember. Í kjölfarið og fram á nýja árið var kannaður hugur sjómanna, hjá aðildarfélögum þeirra, til hugsanlegra verkfallsaðgerða.

„Og niðurstaðan hjá aðildarfélögum okkar var að menn væru alveg til í aðgerðir,“ segir Hólmgeir. En á meðan viðræður standi sé alltaf von til þess að saman náist og á meðan verði ekki farið í verkfallsaðgerðir. „Auðvitað vona menn að þetta klárist fremur en að farið verði í slagsmál, en það er svo sem ekkert komið í ljós enn þá.“

Þá segir Hólmgeir að viðræðurnar nú séu látnar snúast um hluti sem líklegt sé að menn geti náð saman um og ítrustu kröfur sem settar hafi verið fram, svo sem um aukna þátttöku sjómanna í kostnaði útgerðarfyrirtækja, séu því ekki undir. „Það er verið að skoða það sem helst þarf að klára og hvernig menn vinna á milli kjarasamninga.“ **– óká**



Fundur sjómanna og útgerðarmanna í Karphúsinu við Borgartún í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Auðvitað vona menn að þetta klárist fremur en að farið verði í slagsmál, en það er svo sem ekkert komið í ljós enn þá.



Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands.
















# FULLKOMIN FERMINGARGJÖF

BANG & OLUFSEN

**ORMSSON**

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800

B&O PLAY

# Mál sem ekki á að vera mál



Oli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Verði ekkert að gert halda áfram að koma upp árekstrar og atvik vegna fordóma í garð samkynhneigðra innan íþróttahreyfingarinnar. Á þetta bendir Kári Garðarsson, þjálfari kvennaliðs Gróttu í handbolta, í viðtali við vefinn GayIceland. Hann skorar á ÍSÍ að hafa frumkvæði að samræðu um málefni hinsegin fólks og berjast gegn fordómum í þess garð.

Full ástæða er til að taka undir áskorun Kára. Lengi hefur verið ljóst að þarna er meinsemd sem taka þarf á.

„Að iðka keppnisíþróttir er ríkur þáttur í gagnkynhneigðri félagsmótun karlmanna. Þegar ungur íþróttastrákur uppgötvar að hann er sennilega hommi hefur hann fyrir löngu skynjað að í íþróttaheimi karla ríkir megn hómófóbía og fyrirlitning á hommum,“ skrifar Þorvaldur Kristinsson, fyrrverandi formaður Samtakanna '78, í umfjöllun um homma og keppnisíþróttir á vef samtakanna.

„Ýmsir kunna frá því að segja að þá hafi þeir gefist upp, hrökklast burt og fundið sér önnur áhugamál, jafnvel gerst laumuáhugamenn um keppnisíþróttir en ekki látið sig dreyma um að blanda geði við þann hóp sem iðkar þær.“

Erlendis sem og hér heima hefur hinsegin fólk tekið höndum saman um sín eigin íþróttafélög og íþróttaleika, í því augnamiði að vinna gegn vígi hómófóbíunnar í íþróttaheiminum. Þannig fer til dæmis fram líflegt starf í Íþróttafélaginu Styrmi hér á landi.

En auðvitað er enginn vandi leystur með því að fólk stundi sínar íþróttir aðskilið frá öðrum, þótt sú aðferð kunni að hafa hentað á einhverri vegferð í átt að eðlilegra umhverfi. Það er vandi íþróttahreyfingarinnar ef henni tekst ekki að haga málum þannig að allir telji sig velkomna innan hennar.

Um leið er mikilvægt að mikla ekki fyrir sér vandann, því margt hefur áunnist og ungt fólk er í dag blessunarlega langflest víðsýnt og laust við fordóma. Í viðtalinu við GayIceland lýsir Kári því sjálfur hvernig það hafi verið minna mál en hann óttaðist að koma út úr skápnum og honum hafi verið vel tekið bæði af aðstandendum og íþróttahreyfingu.

Um leið bendir hann á mikilvægi þess að þjálfarar, sem börn í íþróttum líti jú upp til, séu meðvitaðir um mikilvægi þess að bregðast rétt og uppbyggilega við ef barn leitar til þeirra og trúir þeim fyrir kynhneigð sinni. Fræðsluátaks sé þörf.

Þá þurfi að bregðast við niðrandi orðræðu á svipaðan hátt og tekið hefur verið á rasískum ummælum.

Auðvitað á kynhneigð fólks ekki að skipta máli þegar kemur að íþróttastarfi, ekki fremur en annars staðar. Enda er þetta alla jafna ekkert mál, nema fyrir þá sem mjög eru plagaðir af fordómum. Þá þarf að uppræta og í þeim efnum getur og á íþróttahreyfingin sjálf að gera meira til að leggjast á árar.

**Það er vandi íþróttahreyfingarinnar ef henni tekst ekki að haga málum þannig að allir telji sig velkomna innan hennar.**

HOBBY/FORD T 600 FC
Raðnúmer: 150631
Dísel
4 manna
Árgerð 2007
Verð 7.590.000



Smurbók • Markísa • Hjólagrind • Kassi • Stór ísskápur • Sólarsella
Inverter 550v • Auka Rafgeymir • TV loftnet Bakarofn • Svunta
Sjónvarp • dvd • Flottur bíll • 2 eigendur • Alltaf geymdur inni
Belti fyrir 4 • Stigbretti • Bakkmyndavél • Reyklaus • Engin skipti.

Allar upplýsingar í síma 551 5600
og www.utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn

## Halldór




## Frá degi til dags

**Heilræði frá Siðfræðistofnun**

**Málefni stjórnmálamanna og aflandsfélaga hafa verið efst á baugi í íslenskri þjóðmálaumræðu undanfarna daga. Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, hefur þetta að segja á Facebook í kjölfar fregna af tengslum fjármálaráðherra og innanríkisráðherra við aflandsfélög. „Þetta mál sem er að verða ansi þvælið snýst, eins og raunar mörg önnur sem hafa komið upp á síðustu misserum í stjórnmálum og viðskiptalífinu, á endanum um það hvort takist að byggja upp traust í kjölfar bankahrunsins.“ Sannleikskorn er í orðum Salvarar en fregnir af tengslum ráðherranna hafa í hugum margra ekkert með lög eða lögmæti að gera heldur traust við kjósendur.**

**Lengi lifi Áslaug Arna**

**Erfiðlega mun hafa verið að ná á fjármálaráðherra og innanríkisráðherra vegna fregna af tengslum við aflandsfélög. Ef þau eru fjarri góðu gamni ku ritari flokksins, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, vera hæstráðandi innan flokksins sem er kannski ágætt þar sem hún er þegar búin að hreinsa loftið en í gær sagði hún á Twitter: „ATH! Á engin félög á eyjunum þarna útí Indlands- eða Karíbahafi & heldur ekki maki minn, því hann er víst ekki til.“**

**stefanrafn@frettabladid.is**

# Nánast ekkert



Þórunn Egilsdóttir
þingmaður Framsóknarflokks

Ísland er í einstakri stöðu. Atvinnuþátttaka hefur sjaldan verið jafn mikil og nú. Í raun hefur atvinnuleysi ekki verið minna síðan árið 2008 og getur jafnvel farið niður í eitt til tvö prósent í sumar þegar störfum innan ferðaþjónustunnar fjölgar.

Í heildina hafa skapast um 15.000 ný störf á Íslandi frá árinu 2013. Þar hafa störf innan ferðaþjónustunnar sitt að segja en innan hennar hafa á síðustu fimm árum, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, orðið til 7.500 ný störf. Fram kemur í Félagsvísum 2015 að samhliða fjölgun starfa fækkar þeim sem atvinnulausir eru. Árið 2014 voru atvinnuleitendur 9.300 á móti 13.700 árið 2010 þegar afleiðingar efnahagshrunsins fóru að skila sér af fullum þunga. Til marks um að við höfum rétt úr kútnum má benda á að langtímaatvinnuleysi minnkar ört. Milli áranna 2013 og 2014 fækkaði körlum sem höfðu leitað vinnu í tólf mánuði eða lengur um helming eða úr 1,2 prósentum í 0,6 prósent. Hlutfall kvenna lækkaði úr 1,0 prósenti í 0,7 prósent.

Atvinnutækifærum fjölgar og fjölbreytni starfa eykst. Vöntun á störfum eru ekki okkar helstu áhyggjur í dag heldur miklu fremur þær að fólk vanti til að sinna þeim. Í raun er staðan þannig að flestum, sem vilja og getu hafa, stendur starf til boða.

Stöðugleikinn sem náðst hefur skapar störf. En tölurnar hér að ofan eru hvorki sjálfsagðar né sjálfsprottnar. Á þessu kjörtímabili hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að efla þrótt samfélagsins og skapa skilyrði til verðmætasköpunar, til að mynda með lækkun skatta og tryggingargjalds og auknum stuðningi við nýsköpun. Með jafnvægi í ríkisfjármálum, ábyrgri áætlun um losun hafta og ábyrgri hagstjórn hefur myndast aukinn stöðugleiki á Íslandi. Sá stöðugleiki skapar skilyrði fyrir fyrirtækin til aukinna fjárfestinga sem aftur skapa svo fleiri störf.

Grunnforsenda velferðarsamfélags er atvinna. Við viljum að fólk geti valið sér fjölbreyttar leiðir í lífinu og hafi kost á að sinna þeim störfum sem það helst kýs. Það er mikilvægt að stjórnvöld hverju sinni séu meðvituð um nauðsyn þess að styðja við fjölbreytt og vaxandi atvinnulíf. Nú gengur vel og því mikilvægt að halda einbeitingunni. Stefnan er sú að sækja ávallt fram.

**Í raun er staðan þannig að flestum, sem vilja og getu hafa, stendur starf til boða.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Andi þjóðminjavörslu

Sigurjón Baldur Hafsteinsson
prófessor við HÍ

Nýverið lagði forsætisráðherra fram frumvarp á Alþingi þess efnis að sameina ætti tvær stofnanir á sviði þjóðminjavörslu, Þjóðminjasafn Íslands og Minjastofnun Íslands. Nýja stofnunin á að bera heitið Þjóðminjastofnun. Þjóðminjavörður hefur stigið fram sem talsmaður breytinganna, en forstöðumaður Minjastofnunar hefur gagnrýnt hugmyndina. Tveir aðilar sem þekkja til málaflokksins hafa skrifað opinberlega greinar þar sem þeir lýsa vantrú sinni á tillögurnar. Fagfélög sem standa að sérsviðum þessara tveggja stofnana hafa lýst yfir efasemdum um sameininguna og árangurinn af henni.

Svo undarlega vill til að forsætisráðherra, þjóðminjavörður og forstöðumaður Minjastofnunar hafa þagað þunnu hljóði í kjölfar gagnrýninnar. Og það sem meira er – komist upp með það. Enginn fjölmiðill hefur gert tilraun til þess að rýna í tillögurnar á grundvelli gagnrýni eða yfirlýsinga. Segja má að þetta sé andi þjóðminjavörslu í landinu á þessum tímapunkti, ofríki og sinnuleysi.

En af hverju ofríki? Hvað er það sem gefur tilefni til þess að grípa til svo sterks orðs? Tillögur forsætisráðherra og fylgismanna hans vinna gegn því starfi sem ríkisstjórnir síðastliðinna tuttugu ára hafa verið að gera. En lagabreytingar og stofnanagerð hafa verið tilraunir til þess að treysta lýðræðisleg vinnubrögð og styrkja faglegar umfjallanir um málaflokka á sviði þjóðminjavörslu. Starfsemi Þjóðminjasafnsins Íslands var til dæmis skipt upp í þrjár stofnanir (Þjóðminjasafn, Fornleifavernd, Húsafriðunarnefnd). Með tillögum forsætisráðherra er verið að brjóta á bak aftur þessa þróun og í raun verið að hverfa aftur til þess tíma sem samþjöppun á valdi tíðkaðist í málaflokkunum.

**Vegið að sérhæfingu**

Margt hefur gerst á þeim tíma sem liðið hefur frá því að þessi vegferð hófst um aldamótin. Safnalög hafa verið sett og háskólamenntun í fornleifafræði og safnafræði hefur vaxið fiskur um hrygg, sem hefur aukið faglega rýni í málaflokknum. Að auki hafa ofantaldar þrjár nýjar stofnanir verið að byggja upp faglegri vinnubrögð sem taka mið af alþjóðlegum og samfélagslegum breytingum. Með sameiningartillögunum er vegið að þessari sérhæfingu, faglega metnaði og kröfum um samstarfshæfni stjórnenda þeirra.

En sinnuleysið, í hverju felst það? Það sætir furðu að fjölmiðlar sýna málinu engan áhuga. Sem út af fyrir sig er kannski vísbending um að fólki er slétt sama um menninguna í landinu. En kannski á það bara við um fólk sem vinnur á fjölmiðlum, sem ég held reyndar að sé málið. Sagan, fortíðin og aðferðir þess opinbera í þeim efnum skipta fólk máli. Spyrjið hvaða Íslending sem er, ef þið nennið. Fjölmiðlar eiga að vakna af rotinu og fara að fjalla um þessi mál af jafn mikilli áfergju og þeir gera ef einhver ropar á Alþingi. Þeir eiga að fara að spyrja spurninga á borð við: er þessum málum betur borgið með tillögunum? Hvaða mál eru það annars sem eru í húfi í ljósi tillagnanna? Er verið að veita ákveðnum aðilum meiri völd en æskilegt er? Er verið að draga úr krafti þess sem þegar er til staðar? Er sameining æskileg út frá faglegum sjónarmiðum þeirra sem að málaflokknum koma? Hvaða rök eru á móti slíkum tillögum? Hvernig horfa tillögurnar við í alþjóðlegu samhengi? Þjóna hugmyndirnar hagsmunum almennings í landinu? Hvað styður það? Af hverju flýtir við að gera róttæka kerfisbreytingu?

Sameiningartillögurnar fjalla ekki um svör við þessum spurningum. Fjölmiðlar fjalla ekki um þessar tillögur. Þetta er andi þjóðminjavörslu, sem hafa skal verulegar áhyggjur af.

> **Tillögur forsætisráðherra og fylgismanna hans vinna gegn því starfi sem ríkisstjórnir síðastliðinna tuttugu ára hafa verið að gera.**








**SIEMENS - Ryksuga**
VS 06B120

Parkett og flísar, flokkur D. Teppi, flokkur E. Útblástur A. Hljóð: 81 dB.

**Tækifærisverð:**
**14.900 kr.**
(Fullt verð: 19.900 kr.)

SMITH & NORLAND




**BOSCH - Bakstursofn**
HBG 633CW1S

Með stóru 71 lítra ofnrými. Tíu ofnaðgerðir, þar á meðal 4D heitur blástur. Kjöthitamælir. TFT-skjár með texta. Létthreinsikerfi, EcoClean á bakhlið. Einnig fáanlegur í stáli.

**Tækifærisverð:**
**109.900 kr.**
(Fullt verð: 149.900 kr.)

BOSCH BÚÐIN




**BOSCH - Spanhelluborð**
PIE 645F17E

Með stálramma. DirectSelect-stjórnborð. Tímastillir. Áminningarklukka. Öryggisrof. Barnaöryggi.

**Tækifærisverð:**
**77.900 kr.**
(Fullt verð: 99.900 kr.)

BOSCH BÚÐIN




**SIEMENS - Kæli- og frystiskápur**
KG 36EBW40

Hvítur. „crisperBox“-skúffa: Tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. „coolBox“-skúffa: Þar er kuldinn meiri (-2° C til 3° C) en annars staðar í kælinum og eykur þar með geymsluþol ferskra kjötvara og fisks. „lowFrost“-tækni: Lítil klakamyndun og affrysting auðveld.
H x b x d: 186 x 60 x 65 sm
(+5 sm handfang).

**Tækifærisverð:**
**109.900 kr.**
(Fullt verð: 139.900 kr.)

SMITH & NORLAND




**BOSCH - Uppþvottavél**
SMU 50M92SK

13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB. Tímastytting þvottakerfa. „AquaStop“-flæðivörn.

**Tækifærisverð:**
**97.900 kr.**
(Fullt verð: 118.400 kr.)

BOSCH BÚÐIN




**SIEMENS - Þvottavél**
WM 14E477DN

Vindur upp í 1400 sn./mín.

**Tækifærisverð:**
**82.900 kr.**
(Fullt verð: 104.900 kr.)

SMITH & NORLAND

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

Fæst hjá Smith & Norland, Nóatúni 4, og/eða í Bosch-búðinni, Hlíðasmára 3. Hjá hverri vöru er tilgreint hvar hún fæst með þessum merkjum: SMITH & NORLAND BOSCH BÚÐIN



# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



## Haukarnir lyftu deildarmeistarabikarnum á Ásvöllum í gærkvöldi



**Dramatískur sigur og bikarlyfting í lokin** Haukar unnu eins marks sigur á Val í uppgjöri tveggja efstu liðanna í Olís-deild karla í handbolta í gærkvöldi en Haukarnir voru búnir að tryggja sér deildarmeistaratitilinn fyrir leikinn. Hér sést Þórarinn Leví Traustason lyfta bikarnum í leikslok. Haukarnir eru að fara inn í sína elleftu úrslitakeppni sem deildarmeistarar en þeir enduðu með átta stiga forystu á Val. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gullspyrnur Gylfa í Grikklandi

**Íslenska karlalandsliðið vann upp tveggja marka forystu Grikkja í Aþenu í gær og endaði taphrinuna með 3-2 endurkomusigri á Grikkjum. Kolbeinn Sigþórsson skoraði sigurmarkið átta mínútum fyrir leikslok.**

**FÓTBOLTI** Skallamörk Sverris Inga Ingasonar og Kolbeins Sigþórssonar í seinni hálfleik tryggðu Íslandi 3-2 sigur á Grikkjum eftir að hafa lent 2-0 undir eftir hálftíma leik. Arnór Ingvi Traustason minnkaði muninn fyrir hálfleik og íslenska liðið tók síðan öll völd í seinni hálfleik og vann flottan sigur en hversu mikilvægur var hann?

„Þetta var ekki nauðsynlegt en þetta var gott samt," sagði Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari Íslands, eftir leikinn. Ísland hafði tapaði þremur leikjum í röð fyrir leikinn og margir lykilmannanna höfðu ekki unnið landsleik síðan í september síðastliðnum. Það var aðallega hvernig strákarnir unnu leikinn sem gladdi þjálfarann.

„Það var karakter í strákunum. Við ákváðum að pressa þá í seinni hálfleik og það gekk upp. Mér fannst þetta vera flottur karaktersigur og gott fyrir hugarfarið að sýna það að við getum snúið leikjum við," sagði Heimir.

Íslenska liðið fékk á sig tvö klaufamörk í fyrri hálfleik en strákarnir fengu þó engan hárblástur í hálfleik. „Við sögðum í hálfleik við strákana að við værum þokkalega sáttir við spilamennskuna þrátt fyrir að við hefðum fengið á okkur þessi tvö mörk. Það var ekki mikið meira sem þeir gerðu í þessum fyrri hálfleik en að skora þessi tvö mörk. Þeir nýttu sín tækifæri hundrað prósent og við gátum ekkert verið pirraðir í hálfleik," sagði Heimir.

Það voru þrjú föst leikatriði sem skiluðu öllum mörkum íslenska liðsins, þar af komu þau tvö síðustu með skalla eftir gullsendingar frá Gylfa. „Hann er ágætis sparkari," sagði Heimir í léttum tón. Hann var sammála því að Arnór Ingvi Traustason hefði nýtt tækifæri sitt vel með þremur mörkum á þessu ári. „Hann er klókur að finna svæði og hann er afslappaður í teignum. Hann er bara markaskorari," sagði Heimir.

> **Mér fannst þetta vera flottur karaktersigur og gott fyrir hugarfarið að sýna það að við getum snúið leikjum við.**
> Heimir Hallgrímsson.

„Við erum búnir að vera að reyna ýmsa hluti og það hefur allt tekist í rauninni, það sem við höfum verið að leita eftir," segir Heimir. Hann gerði lítið úr þeim kenningum að öll töpin væru farin að herja á sál og sjálfstraust leikmanna. „Þetta er klisja sem blaðamenn taka oft ef það vinnast ekki tveir leikir í röð, að það sé þá komin einhver sálfræðikrísa. Ég held að þetta hafi verið gott til þess að slá á blaðamenn frekar en okkur," sagði Heimir og hann hrósaði íslenska liðinu.

„Mér fannst þetta góð frammistaða og það er það sem skiptir öllu máli. Ef við getum síðan byggt ofan á þetta og gert betur hluti sem við vorum að vinna í eftir þennan Danaleik. Mér fannst við gera það nokkuð vel í dag. Mér fannst við svara nokkuð mörgum spurningum sem við vildum frá svör við áður en við fórum út í þetta verkefni. Svo var gaman að fá að spila við lið sem eru með þrjá miðverði. Það var líka lærdómur í því," segir Heimir að lokum.

**ooj@frettabladid.is**



**Fulltrúar liðanna á blaðamannafundinum, talið frá vinstri: Gunnhildur Gunnarsdóttir (fyrirliði Snæfells), Guðbjörg Sverrisdóttir (fyrirliði Vals), Íris Sverrisdóttir (fyrirliði Grindavíkur) og Helena Sverrisdóttir (Haukum).** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stelpurnar af stað í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppni Domino's deildar kvenna hefst í kvöld með tveimur leikjum, annar er á heimavelli deildarmeistara Hauka (á móti Grindavík) en hinn á heimavelli bikarmeistara Snæfells (á móti Val). Báðir leikir hefjast kl. 19.15.

Flestir búast við því að Haukar og Snæfell mætist í lokaúrslitunum en fyrst þurfa liðin þó að vinna þrjá leiki á móti Grindavík og Val.

Grindavíkurkonur hafa þegar slegið deildarmeistara Hauka út úr einni keppni í vetur (8 liða úrslit bikarsins) og tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni með sannfærandi útisigri á Keflavík. Haukarnir hafa ekki tapað leik síðan þeir skiptu út einum þjálfara sínum og létu hina bandarísku Chelsea Schweers fara. Haukaliðið kemur inn í úrslitakeppnina á tíu leikja sigurgöngu.

Valskonur hafa verið í mikilli sókn eftir áramót en þær hafa hins vegar tapað ellefu leikjum í röð á móti Snæfelli á Íslandsmóti eða í bikar, nú síðast í lokaumferð deildarkeppninnar fyrir rúmri viku. Snæfellsliðið hefur ekki spilað eins vel eftir að bikarinn kom í hús og missti deildarmeistaratitilinn til Hauka en í kvöld byrjar ný keppni. **– óój**

### Vináttulandsleikur í fótbolta

**Grikkland - Ísland 2-3**

**Mörkin:** 1-0 Kostas Fortounis, víti (19.), 2-0 Kostas Fortounis, víti (31.), 2-1 Arnór Ingvi Traustason (34.), 2-2 Sverrir Ingi Ingason (70.) , 3-2 Kolbeinn Sigþórsson (82.).

**Lið Íslands:** Ögmundur Kristinsson (46., Hannes Þór Halldórsson) - Birkir Már Sævarsson, Hjörtur Hermannsson, Sverrir Ingi Ingason, Ari Freyr Skúlason - Arnór Ingvi Traustason (46., Theodór Elmar Bjarnason), Emil Hallfreðsson (46., Gylfi Þór Sigurðsson), Aron Einar Gunnarsson (46., Birkir Bjarnason), Jóhann Berg Guðmundsson - Jón Daði Böðvarsson (83., Alfreð Finnbogason), Viðar Örn Kjartansson (61., Kolbeinn Sigþórsson).

### Domino's-deild karla

**Njarðvík - Stjarnan 62-66**

**Stigahæstir:** Jeremy Martez Atkinson 17/7 fráköst/5 stolnir, Oddur Rúnar Kristjánsson 15, Haukur Helgi Pálsson 10/6 fráköst/5 stoðsendingar - Justin Shouse 17, Al'lonzo Coleman 10/6 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 10, Sæmundur Valdimarsson 9/4 fráköst, Marvin Valdimarsson 6.

***Staðan er 2-2 og oddaleikur á fimmtudag.***

Fjórir leikir og fjórir útisigrar. Stjarnan og Njarðvík spila hreinan úrslitaleik en KR, Tindastóll og Haukar eru komin í undanúrslit.

**Þór Þorl. - Haukar 96-100**

**Stigahæstir:** Emil Karel Einarsson 19, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 18/12 frák./4 varin, Vance Hall 14, Ragnar Örn Bragason 13, Baldur Þór Ragnarsson 12 - Kári Jónsson 30/8 frák., Haukur Óskarsson 23, Emil Barja 16/9 frák./5 stoðs., Finnur Atli Magnússon 15/9 frák./5 stoðs.

***Haukar unnu einvígið 3-1. Staðan var 88-88 eftir venjulegan leiktíma.***

### Olís-deild karla

**Haukar - Valur 32-31**

**Markahæstir:** Janus Daði Smárason 11, Elías Már Halldórsson 5, Tjörvi Þorgeirsson 5, Jón Þorbjörn Jóhannsson 3, Hákon Daði Styrmisson 3 - Geir Guðmundsson 6, Vignir Stefánsson 5, Sveinn Aron Sveinsson 5, Atli Már Báruson 4. **Tjörvi Þorgeirsson** skoraði sigurmark Hauka í blálokin.

### Olís-deild kvenna

**Haukar - Valur 23-22**

**Markahæstar:** Maria Ines De Silve Pereira 8/2, Ramune Pekarskyte 7 - Bryndís Elín Wöhler 4, Sigurlaug Rúnarsdóttir 4, Morgan Marie Þorkelsd. 4, Kristín Guðmundsd. 4/2.

**Selfoss - Stjarnan 18-31**

**Markahæstar:** Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 5, Carmen Palamariu 4 - Solveig Lára Kjærnested 7, Helena Rut Örvarsdóttir 6, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6, Stefanía Theodórsdóttir 4.

**Fram - Fylkir 23-20**

**Markahæstar:** Sigurbjörg Jóhannsdóttir 8, Ragnheiður Júlíusdóttir 4, Steinunn Björnsdóttir 3 - Patrícia Szölösi 9, Thea Imani Sturludóttir 4.

**ÍR - FH 25-22**

**Markahæstar:** Brynhildur Kjartansdóttir 7, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 5 - Ingibjörg Pálmadóttir 5, Hildur Marín Andrésdóttir 4.

**Fjölnir - Grótta 17-31**

**Markahæstar:** Díana Kristín Sigmarsdóttir 7, Berglind Benediktsdóttir 4 - Sunna María Einarsdóttir 10, Arndís María Erlingsdóttir 5, Þórunn Friðriksdóttir 4.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 42 | Fjölnir | 12 |
| Grótta | 41 | ÍR | 10 |
| Fram | 37 | KA/Þór | 9 |
| Valur | 36 | Afturelding | 9 |
| Stjarnan | 36 | FH | 9 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.10 | Snæfell – Valur | Sport |
| 19.15 | Haukar - Grindavík | Ásvellir |
| 19.15 | Snæfell - Valur | Stykkish. |




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 30. mars 2016

13. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



## Markmiðið að fjöldi iðnnema tvöfaldist

Guðrún Hafsteinsdóttir var endurkjörin formaður Samtaka iðnaðarins í byrjun mánaðar og er nýsest í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Hún vill markaðssetja iðnnám betur. »6



»2
**Einfaldara ferli**
Auðvelda þarf fyrirtækjum að ráða starfsfólk utan EES-svæðisins.

»4
**Vanhæft bankaráð**
Stjórnendur Landsbankans ekki vel til þess fallnir að ákveða málshöfðun í Borgunarmálinu.

»8
**Svipmyndin: Sigurður Guðjónsson** Forstöðumaður Veiðimálastofnunar fær nýtt hlutverk.

»10
**Mat á hættu**
Lars Christensen skrifar um hryðjuverk.

»12
**Framtíðarfjölmiðlun**
Stjórnarmaðurinn skrifar um fjölmiðla.



SKJÓÐAN

# Gamla Ísland er nýja Ísland

**GRÍÐARLEGUR** uppgangur ríkti hér á landi á árunum fyrir hrun. Gamlir, staðnaðir ríkisbankar í úreltu fjármagnskerfi voru seldir lykilfjárfestum. Í kjölfarið fylgdi óhjákvæmilega mikill vöxtur íslenska bankakerfisins, sem sleit af sér öll bönd og nýtti sér aðgang að ódýru alþjóðlegu fjármagni til að umbreyta íslensku fjármálakerfi.

**SUMT VAR** til góðs en annað síður. Fjármálakerfið sjálft lagaði sig aldrei að nýju bönkunum og alþjóðlegum umsvifum þeirra. Kerfið bannaði m.a. bönkunum að gera upp í alþjóðlegri mynt þó að 80-90 prósent af umsvifum þeirra færu fram utan íslenska krónuhagkerfisins.

**EN BANKARNIR** léku á als oddi rétt eins og beljur sem hleypt er úr fjósi að vori. Ásamt lífeyrissjóðunum fylgdu þeir íslenskum fjárfestum í kraftmikla útrás. En útrásin var ekki það eina. Hér innanlands var sem fjármálakerfið væri losað úr höftum og vitanlega var það svo í bókstaflegri merkingu.

**EIGNARHALD FYRIRTÆKJA**, sem í áratugi höfðu verið í eigu sömu fjölskyldna riðlaðist. Lífeyrissjóðir fjármögnuðu, fyrir milligöngu bankanna, yfirtöku framsækinna fjárfesta og athafnamanna á mörgum helstu fyrirtækjum landsins. Verðið var hátt í sögulegu samhengi en sjaldan ef nokkurn tíma höfðu peningar í heiminum verið jafn ódýrir.

**BANKARNIR** geystust inn á íbúðalánamarkaðinn, lækkuðu vexti og hækkuðu lánshlutföll. Þetta gerði venjulegu fólki, sem fram til þess tíma hafði mátt una því að flytja inn í eitt herbergi í ókláraðri íbúð og nota sturtuhengi fyrir hurðir innandyra árum saman og klára svo íbúðina fyrir fjölskylduna um svipað leyti og síðasti unginn flaug úr hreiðrinu, kleift að eignast og flytjast í húsnæði á meðan enn þurfti á því að halda.

**EIGENDUR** gömlu fjölskyldufyrirtækjanna fóru með söluhagnaðinn og fengu bankann sinn til að flytja peningana úr landi, koma þeim í trygga alþjóðlega mynt og öruggt skjól fyrir íslenskum sveiflum og sköttum. Þetta er einn angi þess vanda sem forsætisráðherrahjónin eru búin að koma sér í.

**SVO VARÐ HRUN.** Kallað var eftir nýju Íslandi. Þá voru gömlu fjölskyldurnar komnar með sitt fé úr landi og í alvöru mynt. Eftir hrun hefur kapp verið lagt á að leiðrétta misvægið sem hér varð. Íbúðirnar hafa verið hirtar af fólkinu sem var svo bláeygt að nýta íbúðalán bankanna. Gömlu fjölskyldufyrirtækin hafa verið hirt af þeim sem tekið höfðu himinhá lán til að kaupa þau af gömlu fjölskyldunum.

**BRÁÐUM VERÐUR** allt sem fyrr eða jafnvel enn betra. Gömlu fjölskyldurnar ríkari en áður. Þeir sem keyptu fjölskyldufyrirtækin eignalausir og ærulausir rétt eins og bankamennirnir sem lánuðu þeim peningana. Fólkið étur það sem úti frýs. Nýja Ísland er gamla Ísland.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Ernir Eyjólfsson**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






Georgia Olga Kristiansen og Erna Kristín Blöndal skipa starfslið WorkIs. Georgia starfaði í tæpan áratug hjá Útlendingastofnun sem sérfræðingur á sviði dvalar- og atvinnuleyfa en Erna er lögfræðingur að mennt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Aðstoða við flóknar dvalarleyfisumsóknir

**Gera þarf fyrirtækjum auðveldara fyrir að fá til sín starfsfólk utan EES-svæðisins segir framkvæmdastjóri hins nýstofnaða WorkIs. Fyrirtækið aðstoðar við að útvega dvalar- og atvinnuleyfi fyrir einstaklinga utan EES-svæðisins.**

„Þetta getur verið flókið kerfi," segir Erna Kristín Blöndal, framkvæmdastjóri hins nýstofnaða fyrirtækis WorkIs. Fyrirtækið sérhæfir sig í að aðstoða fyrirtæki við að fá dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi fyrir starfsfólk utan Evrópska efnahagssvæðisins.

„Við erum að reyna að gera það einfaldara fyrir íslensk fyrirtæki að fá erlent starfsfólk til landsins," segir Erna.

„Fyrir þá sem þekkja ekki til, vita ekki hvaða gögnum þarfa að skila inn, þá getur þetta verið flókið og tekið langan tíma þó að stjórnvöld geri sitt besta."

Fyrirtækið hóf starfsemi í byrjun árs og segir Erna það hafa komið á óvart hve mikil þörfin sé, sérstaklega fyrir dvalarleyfi fyrir sérfræðinga. „Mjög flottir sérfræðingar eru kannski vanir öðru viðmóti gagnvart sér, að þeir fái hundrað prósent þjónustu og þurfi ekkert að koma að þessu."

**Þótt öll gögn liggi fyrir getur það samt tekið tólf vikur að bíða eftir sakavottorði.**

Erna Kristín Blöndal, framkvæmdastjóri WorkIs

Erna segir mikilvægt fyrir íslenskan vinnumarkað að umhverfið sé aðlaðandi. Ísland sé eina norræna ríkið sem ekki hafi innleitt löggjöf sem ætlað sé að bæta umgjörð fyrir erlent starfsfólk. „Núgildandi löggjöf og stofnanaumhverfi er of flókið og óskilvirkt. Á sama tíma er skattaumhverfi óhagstæðara hér á landi en víða annars staðar og gjaldeyrishöft gera útlendingum sem hyggjast flytja hingað til lands erfitt fyrir," segir Erna. Einn liður í að einfalda kerfið geti verið þjónusta á borð við þá sem WorkIs bjóði upp á.

Þá sé mikilvægt að umsókn sé fullnægjandi í fyrstu atrennu. „Annars getur allt farið á byrjunarreit aftur og bæst við margar vikur ef ekki mánuðir við umsóknarferlið." Hún bendir á að til að mynda þurfi að skila sakavottorði frá öllum löndum sem starfsfólk hafi starfað í, sem í sumum tilfellum geti verið nokkuð mörg. „Þó öll gögn liggi fyrir getur það samt tekið tólf vikur að bíða eftir sakavottorði."

Erna bendir á að um þrenns konar dvalarleyfi sé að ræða: Fyrir sérfræðinga, fyrir íþróttafólk og dvalarleyfi vegna skorts á vinnuafli. Í síðastnefnda tilfellinu þurfi að sýna fram á að skortur sé á starfsfólki á íslenskum vinnumarkaði og á Evrópska efnahagssvæðinu áður en dvalarleyfi sé veitt.

„Íslensk fyrirtæki eru farin að finna meira og meira fyrir skorti á starfsfólki," segir Erna. Atvinnuleysi var 2,9 prósent í febrúar samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun og hefur ekki verið minna á þessum árstíma frá því fyrir hrun. „Það er mjög mikilvægt fyrir fyrirtæki að fá starfsmenn hratt og örugglega, tíminn getur skipt mjög miklu máli." **ingvar@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

**15**
**dollara lágmarkslaun**

Þingmenn á ríkisþinginu í Kaliforníu hafa komist að samkomulagi um að hækka lágmarkslaun í fylkinu í 15 dollara, 1.900 íslenskar krónur, á tímann fyrir árið 2022. Kalifornía yrði fyrsta fylkið til að bjóða kjörin.

**325**
**milljóna króna fjármögnun**

Tæknifyrirtækið Kaptio ehf. hefur fengið tvo nýja fjárfestingarsjóði til liðs við sig, en sjóðirnir Frumtak 2 og Capital A Partners hafa nú ásamt fyrri fjárfestum fjárfest í fyrirtækinu fyrir 325 milljónir króna.

**730**
**milljónir í laun**

Heildarlaunapakki forstjóra PSA Peugeot Citroën, Carlos Tavares, á árinu 2015 nam 5,24 milljónum evra, eða 730 milljónum króna. Launin hækkuðu um rúmlega 380 milljónir króna milli ára.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 30. mars**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í febrúar 2016.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vísitala neysluverðs í mars 2016.

**Fimmtudagur 31. mars**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Hagvísar koma út.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Verðmæti sjávarafla, janúar-desember 2015.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Útungun alifugla í febrúar 2016.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Gistinætur og gestakomur á hótelum í febrúar 2016.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vísitala framleiðsluverðs í febrúar 2016.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vöruviðskipti við útlönd, janúar-febrúar 2016.

**Föstudagur 1. apríl**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is.
**HB GRANDI** Aðalfundur 2016: 1. apríl 2016.

**Miðvikudagur 6. apríl**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vöruviðskipti við útlönd, mars 2016, bráðabirgðatölur.

**Föstudagur 8. apríl**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Trúfélagsbreytingar.

**Mánudagur 11. apríl**
**LÁNAMÁL RÍKISINS** Mánaðarlegar markaðsupplýsingar Lánamála ríkisins.
**HAGSTOTFA ÍSLANDS** Efnahagslegar skammtímatölur í apríl 2016.



# Vandað skrifstofuhúsnæði til leigu

Hjá Reitum færðu bæði stórt og lítið skrifstofuhúsnæði tilbúið til afhendingar eða lagað að þínum þörfum.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**Fiskislóð 10**
**625 m² á 2. hæð**
Nýr sérinngangur í byggingu.



**Hátún 2b**
**365 m² á 2. hæð**
Tilbúið til afhendingar.



**Grímsbær**
**695 m² á 2. hæð**
Skrifstofur eða gistiheimili.

Kynntu þér fleiri kosti á **reitir.is**

REITIR
*Velkomin til starfa*

# Framkvæmdastjóri OECD beitir sér gegn útgöngu Breta úr ESB

Angel Gurria, framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, segir að Bretland ætti að vera áfram í Evrópusambandinu. Hann varar við því að óvissa um framtíð sambandsins hafi neikvæð áhrif á bæði hagkerfin í aðdraganda kosninga um veru Breta í ESB.

OECD mun beita sér markvisst fyrir því að Bretar verði áfram í Evrópusambandinu þar sem það sé Bretum fyrir bestu, sagði Gurria í viðtali við Bloomberg Surveillance.

„Sambandið hefur gengið vel fram að þessu, allir hafa notið góðs af því, það er engin ástæða til að halda því fram að utan sambandsins muni Bretum ganga betur, þeim mun ekki gera það. Bretland er miklu sterkara sem hluti af Evrópu og Evrópa er mun sterkari vegna þess að Bretland er í henni, fjármálamarkaðir landsins og sterkt efnahagskerfi þess,“ sagði Gurria í viðtalinu.

Gurria varaði við því að ef af útgöngu yrði kæmi margt til með að breytast og mikil óvissa myndi ríkja.

Kosið verður um veru Breta í ESB þann 23. júní næstkomandi. David Cameron forsætisráðherra hefur beitt sér fyrir því að Bretar verði áfram í sambandinu, en Boris Johnson og ýmis fyrirtæki sjá hag sinn í að yfirgefa það. Í gær varaði Englandsbanki við því að pundið gæti komið til með að veikjast í aðdraganda kosninganna. – sg



Gurria segir að allir hafi hagnast af aðild að sambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Telur bankaráð Landsbankans vanhæft til að ákveða málshöfðun

**Hæstaréttarlögmaður telur heppilegra að nýtt bankaráð Landsbankans eða Bankasýslan ákveði málshöfðun vegna sölunnar á 31 prósents hlut bankans í Borgun. Hagsmunir stjórnenda bankans séu ekki endilega þeir sömu og hagsmunir hluthafa bankans.**

Heppilegra væri að nýtt bankaráð Landsbankans, eða Bankasýsla ríkisins, tæki ákvörðun um málshöfðun vegna Borgunarmálsins en að sitjandi bankaráð geri það. Þetta er mat Hauks Arnar Birgissonar hæstaréttarlögmanns. Eftir að niðurstaða skoðunar Bankasýslu ríkisins á viðskiptum með 31 prósents hlut bankans í Borgun lá fyrir hvatti stofnunin, sem heldur utan um hlut ríkisins í Landsbankanum, til þess að bankinn leitaði réttar síns. Fimm af sjö bankaráðsmönnum brugðust við með því að tilkynna að þeir myndu láta af störfum í apríl og gagnrýndu Bankasýsluna fyrir niðurstöðu sína. „Í raun veitist Bankasýslan harkalega að bankanum af óbilgirni sem er síst til þess að fallið að auka traust,“ sögðu bankaráðsmennirnir í yfirlýsingu.

Haukur Örn telur að þarna hafi myndast gjá á milli Bankasýslunnar og bankaráðs í málinu. „Það verður ekki annað skilið en að bankaráðið telji að réttilega hafi verið staðið að viðskiptunum.“ Því sé óheppilegt að óbreytt bankaráð standi að málshöfðun sem snýr að ógildingu eða riftun kaupsamningsins.

„Ástæðan er sú að það þarf ekki að vera á þessu stigi að hagsmunir stjórnenda bankans annars vegar og hluthafa hins vegar fari endilega saman í þessu máli og í þeirri málshöfðun sem er fram undan,“ segir Haukur. Færa megi sterk rök fyrir því að stjórnendur bankans séu vanhæfir til þess að fjalla um málið og setja það í farveg. „Ég vísa af því tilefni í 72. grein laga um hlutafélög þar sem segir að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hlutafélags geti ekki tekið þátt í meðferð máls sem varðar málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins,“ segir Haukur. Hann bætir því við að í þessu tilfelli kunni hagsmunir að rekast á.




Stjórnendur Landsbankans hafa þurft að svara fyrir Borgunarmálið undanfarna mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Aðilar sem gætu þurft að svara fyrir viðskiptin eru núna að undirbúa málssókn fyrir hönd bankans varðandi þessi viðskipti og stilla því upp í hvaða búning málið verður sett.**
>
> Haukur Örn Birgisson



„Með þessu er ég ekki að væna neinn um eitthvað ólöglegt en bendi á að þegar lagt er upp með dómsmál er í upphafi mjög mikilvægt að huga að því í hvaða ferli það á að fara,“ segir Haukur. Í þessu tilfelli sé ekki útilokað að stjórnendur Landsbankans kunni að vera ábyrgir fyrir einhverjum ákvörðunum sem teknar voru við söluna á Borgun og bankinn eða hluthafar í bankanum eigi hugsanlega einhverjar kröfur á stjórnendur bankans vegna þessa.

Haukur bendir á að það skipti mjög miklu máli hvernig málið er sett fram í upphafi. Bankinn verði bundinn af slíkum málatilbúnaði í gegnum allt dómsmálið. „Þess vegna þarf að hafa þetta allt á bak við eyrað strax á upphafsstigum málsins. Aðilar sem gætu þurft að svara fyrir viðskiptin eru núna að undirbúa málssókn fyrir hönd bankans varðandi þessi viðskipti og stilla því upp í hvaða búning málið verður sett,“ segir Haukur. Hann bendir á að málatilbúnaðurinn gæti haft áhrif á hagsmuni hluthafa bankans á síðari stigum. „Í ljósi þess sem á undan er gengið finnst mér þetta útspil síst til þess fallið að auka trúverðugleika bankans í þessu máli. Það er mikilvægt að vanda vel til verka og að upphafsskref í málinu verði þannig að það verði ekki hægt að gera þau tortryggileg á síðari stigum,“ segir Haukur að lokum.

jonhakon@frettabladid.is

Til leigu 100 fm. atvinnuhúsnæði í
í miðju Borgarness, á móti ÁTVR
í verslunarmiðstöðinni Hyrnutorgi,
Hentar mjög vel fyrir t.d. verslun, þjónustu, kaffihús o.fl.
Frábært tækifæri á ört vaxandi ferðamannasvæði
Allarar nánari upplýsingar í síma 430-5502 / Guðsteinn
eða gudsteinn@kb.is
Borgarland ehf.



# Rekstur Nóatúns settur í sérstakt félag

Festi, sem á verslanir Krónunnar, Kjarvals og Nóatúns, hefur skipt rekstri þeirra upp í tvö félög. Krónan og Kjarval verða áfram reknar í félaginu Kaupási ehf. en Nóatún verður rekið í sérstöku félagi, Nóatúni ehf.

„Það er verið að aðskilja reksturinn þannig að Krónan verði rekin sér og Nóatún sér til að einfalda fyrirkomulagið,“ segir Jón Björnsson, forstjóri Kaupáss og Festa.

„Þetta er hluti af því sem við byrjuðum á í fyrra. Þá lokuðum við fjórum Nóatúnsbúðum og opnuðum Krónubúðir í þremur þeirra. Við höfum svo haldið áfram að reka eina Nóatúnsverslun í Austurveri. Við höfum aðeins breytt starfsemi þeirrar búðar og gert hana sjálfstæðari þannig að fólkið sem stjórnar henni er á gólfinu,“ segir Jón.



Í Austurveri er eina Nóatúnsverslunin sem eftir stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þar sem Nóatún sé ekki lengur keðja líkt og Krónan hafi þótt þægilegra að setja rekstur Nóatúns í sérfélag.

Jón segir að ekki standi til að gera breytingar á eignarhaldi Nóatúns samhliða stofnun hins nýja félags.

Festi rekur einnig verslanir Intersport og ELKO auk vöruhússins Bakka. Stærsti hluthafi Festa er SÍA II, sjóður í rekstri Stefnis, með 27 prósenta hlut. Hluthafar sjóðsins eru lífeyrissjóðir, fjármálafyrirtæki og fagfjárfestar. Þar að auki eiga lífeyrissjóðir 31 prósents hlut í Festi, tryggingafélög og sjóðir eiga 15 prósent og einkafjárfestar eiga um 26 prósent. – ih

№30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

HARPA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hátindar á ferli Helga

## San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



**Tryggðu þér sæti tímanlega**
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28.—30. maí í Eldborgarsal Hörpu.

Lárusson Hönnunarstofa

Stofnaðilar
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg

Styrktaraðilar
Icelandair
Arion banki
Center Hotels
Lexus

# Kjarasamningarnir stærsta verkefnið

Guðrún Hafsteinsdóttir var á dögunum endurkjörin formaður Samtaka iðnaðarins. Í krafti embættisins situr hún í framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins. Guðrún vill markaðssetja iðnmenntun betur. Hún segir að venjuleg kona úr Hveragerði verði ekki forseti.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Guðrún Hafsteinsdóttir var kjörin stjórnarmaður í Samtökum iðnaðarins árið 2011. Þremur árum síðar bauð hún sig fram gegn þáverandi formanni, Svönu Helen Björnsdóttur, og hafði betur. Hún var svo endurkjörin formaður í byrjun mars.

Guðrún segir engan taka ákvörðun um formannsframboð hjá Samtökum iðnaðarins án umhugsunar. „Fæstir vakna einn góðan veðurdag og hafa fengið þá flugu í höfuðið að bjóða sig fram til formanns Samtaka iðnaðarins, þetta á sér alltaf einhvern aðdraganda. Það verður að segjast eins og er að það var ákveðin óánægja,“ segir Guðrún. Komið hafi verið að máli við hana í desember 2013 og sú hugmynd viðruð að hún tæki að sér formennsku. „Þá þótti mér það algjörlega óhugsandi, ýtti því frá mér. Síðan þegar leið á, fljótlega eftir áramót 2014, þá jókst þessi þungi,“ segir Guðrún. Hún skynjaði þá að það væri áhugi fyrir því í grasrótinni að hún tæki formennskuna að sér. Þá hafi hún ákveðið að verða valkostur þeirra er óánægðir voru. „Ég átti ekkert von á því að verða kosin formaður en þetta eru frjáls og lýðræðisleg samtök og ég mat stöðuna þannig að það væri þá bara gott að sá sem gegndi þessu embætti hefði skýrt umboð til þess.“

**Ráðist í mikla stefnumótun**

Guðrún segir það vera fjölbreytt og skemmtilegt starf að vera formaður Samtaka iðnaðarins. „Við fórum í viðamikla stefnumótun á árinu 2014 þar sem dregin voru fram þrjú meginsvið samtakanna sem eru byggingar og mannvirki, framleiðsla og matvæli og hugverk og þjónusta. Með þessari skiptingu hefur okkur tekist að auka skilvirkni og þjónustu gagnvart félagsmönnum. Að undanförnu höfum við lagt megináherslu á menntun, nýsköpun og framleiðni með góðum árangri. En eitt af stærstu verkefnunum voru kjarasamningsviðræður á síðasta ári,“ segir Guðrún. Hún útskýrir að sem formaður Samtaka iðnaðarins eigi hún sæti í stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins. Slík stjórnarþátttaka felur í sér aðkomu að gerð kjarasamninga.

„Það að lenda í hringiðju kjarasamningsviðræðna er heilmikil áskorun og þetta leit ekkert vel út á tímabili. Það er gríðarlega mikil ábyrgð að vera allt í einu í þeirri hringiðu að atvinnulífið lamast og þú ert einhvern veginn þátttakandi í þeirri atburðarás.“ Hún segir gríðarlega mikla stífni og átök hafa einkennt kjarasamningsviðræðurnar. Það hafi komið sér á óvart hve háar launakröfurnar voru sem forsvarsmenn launþega komu fram með í byrjun síðasta árs. „Því eftir efnahagshrunið og þá erfiðleika sem bæði heimili og fyrirtæki hafa þurft að fást við þá fannst mér við vera í viðspyrnu. Mér fannst við vera að komast á skrið. Við vorum með verðbólgu í sögulegu lágmarki og það er nú mín skoðun að það sé ekkert eins mikil kjarabót fyrir launamanninn og lág verðbólga. Við þekkjum það öll. Við erum öll með verðtryggð lán.“

Guðrún bendir á að það hafi verið hið opinbera sem lagði línurnar í þessum kjarasamningum og það gangi ekki. „Það er bjargföst skoðun mín að hið opinbera



Guðrún Hafsteinsdóttir var fyrst kjörin í stjórn Samtaka iðnaðarins árið 2011 en var nýlega endurkjörin formaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hljómsveitarfélagarnir Snorri Helgason og Guðmundur Óskar Guðmundsson, ásamt syni Guðmundar, Ágústi Þór. Snorri Helgason verður með tónleika á Húrra í kvöld. MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

# INNBLÁSINN AF ÞJÓÐSÖGUM

**Snorri Helgason** heldur tónleika á Húrra klukkan átta í kvöld þar sem hljómsveitin flytur mikið af nýju efni af væntanlegri plötu en nýtt lag hennar kom út í dag. Á tónleikunum koma einnig fram Tilbury og Teitur Magnússon.

„Við erum öll að vinna í nýju efni sem við flytjum í kvöld ásamt gömlu í bland," segir Snorri Helgason og útskýrir að mikið af sama fólkinu sé í þessum hljómsveitum þannig að ákveðið hafi verið að slá saman í eitt gigg. „Fyrst við vorum með eitt band sem var að koma fram ákváðum við að nýta tækifærið og hafa fleiri. Það eru því þrjú bönd sem verða með á tónleikunum í kvöld en nokkur sem koma fram tvisvar og jafnvel þrisvar sitt með hverri hljómsveitinni."

Í hljómsveitinni með Snorra eru Magnús Trygvason Eliassen, Guðmundur Óskar og Örn Eldjárn sem eru allir líka í Tilbury. Einnig þau Valdimar Guðmundsson, Sigurlaug Gísladóttir – Mr. Silla, Daníel Friðrik Böðvarsson, sem er líka í Moses Hightower, og Hjörtur Ingvi Jóhannsson úr Hjaltalín. Þau Mr. Silla og Daníel búa bæði í Berlín og verða ekki með á tónleikunum í kvöld.

### KÆRULAUSARI Á ENSKU

Von er á nýrri plötu frá Snorra Helgasyni sem hann segir að verði poppskotnari en það sem hefur frá honum komið að undanförnu. „Þessi plata er frábrugðin hinum að mestu leyti af því að hún er á íslensku. Ég hafði ekki samið á íslensku síðan ég var í Sprengjuhöllinni þannig að þetta var skemmtileg áskorun og það tók tíma að læra þetta upp á nýtt," segir Snorri og bætir við að það sé mikill munur á því að syngja á ensku og íslensku.

„Mér fannst vera kominn tími á breytingu, þetta var hætt að vera áskorun og ég var kominn með leiða á enskunni. Það lá því beinast við að skipta um tungumál, maður tjáir sig allt öðruvísi á íslensku, er einhvern veginn naktari og opinberar meira. Ég hef líka meiri tilfinningu fyrir íslenskunni, hvað er rétt og rangt, hvað má segja og hvað má ekki segja. Það er auðveldara að vera kærulaus á ensku."

### ÞJÓÐSÖGUR OG POPPPLATA

Rúm tvö ár eru liðin síðan síðasta plata kom frá Snorra sem er vanur að gefa út um það bil eina plötu á ári. „Ég er því búinn að semja mikið af efni, þetta eru eiginlega tvær plötur, þessi poppaða sem kemur út núna í maí eða júní og svo önnur sem bíður eftir því að vera tekin upp."

Snorri segir efnið á þeirri plötu vera sótt í íslensku þjóðsögurnar sem hann hafi lesið mikið af undanfarin þrjú ár. „Partur af þessu lærdómsferli mínu, að skrifa á íslensku, var að gera plötu sem er unnin upp úr íslenskum þjóðsögum. Ég er búinn að lesa mikið af þeim og semja tónlist upp úr þeim. Ég ákvað að taka allt þetta efni í tvennt, fara alla leið í þjóðlagatónlistinni og gera þannig plötu. Efnið á hana er að mestu tilbúið, það þarf bara að taka hana upp. Hún er strípaðri og töluvert auðveldara að koma henni í höfn og kemur hún því líklega út síðar á árinu," segir Snorri.

Hann nefnir að með því að gera þjóðlagaplötu hafi hin platan losnað alveg við þau áhrif. „Hún er meira popp eða eitthvað. Á henni eru meiri strengja- og blásturspælingar sem mér finnst spennandi. Meiri soul-áhrif og minna folk og meira innblásin af lífinu." **liljabjork@365.is**

Prógastró – fyrir heilbrigða meltingu og þarmaflóru

Vissir þú að Prógastró góðgerlarnir:
- stuðla að heilbrigðri magaflóru
- geta stuðlað að minnkuðu ummáli maga
- virka við hægðatregðu og niðurgangi
- vinna gegn candida- og sveppasýkingu






„Prógastró hefur gert kraftaverk fyrir fjölskylduna mína. Mæli heilshugar með því. Sonur minn var lengi slæmur í maga en eftir að hann fór að taka Prógastró reglulega öðlaðist hann nýtt líf."

*Lóló Rósinkranz, einkaþjálfari í World Class*

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana




Benni Frímanns utan við fjárhúsin sín sem heita því fallega nafni Holtasel. MYND/GUÐRÚN SVAVA GUÐMUNDSDÓTTIR

# FJÁRBÆNDUR FESTIR Á FILMU

Fjárbændurnir er yfirskrift ljósmyndasýningar sem nú stendur yfir í Norska húsinu. **Guðrún Svava Guðmundsdóttir** vildi fanga hið sérstæða samfélag frístundabænda sem er að finna ofan við bæinn.

Rétt fyrir ofan Stykkishólmsbæ er að finna lítið samfélag fjárbænda sem stunda búskap í frístundum. Þetta samfélag setur svip sinn á lífið í Stykkishólmi og mörgum finnst gaman að kíkja á lömbin leika sér á túnunum á vorin eða fara í réttirnar á haustin til að fylgjast með þegar féð kemur af fjalli.



Guðrún Svava Guðmundsdóttir

Faðir Guðrúnar er einn þessara frístundabænda og hefur hún notið þess að kynnast því fjölbreytta og skemmtilega fólki sem stundar búskap sinn í þessum smáa og notalega stíl. „Síðastliðið vor var ég stödd í fjárhúsunum að æfa mig að taka myndir með Hasselblad-myndavél sem mér hafði áskotnast. Ég fékk þá hugmynd að taka myndir af öllum bændunum fyrir framan húsin sín,“ segir Guðrún sem var á ferðinni milli húsa í miðjum sauðburði þegar bændurnir eru á vakt nánast allan sólarhringinn.

„Það er alltaf gaman að koma í fjárhúsin,“ segir Guðrún en ferðir upp í fjárhús eru oft hluti af því að heimsækja foreldrana. „Þetta er afar skemmtilegt samfélag þar sem allir þekkja alla og styðja hverjir aðra. Svo er fastur hluti af tilverunni, sér í lagi í sauðburði, að menn hittast á kaffistofunni sem kölluð er Villingaholt, og ræða um daginn, veginn og fjárbúskapinn.“



Lilja og Fífill í fjárhúsagallanum.

Bændurnir tóku allir vel í beiðni Guðrúnar sem er ekki ókunn ljósmyndun en hún lagði stund á mannfræði við Háskóla Íslands og lauk mastersprófi með áherslu á ljósmyndir árið 2011. Ljósmyndaröðin Fjárbændurnir er því að hluta til mannfræðileg tilraun til að fanga þetta samfélag sem Guðrúnu er kært.

**Sýningin í Norska húsinu stendur til 4. maí.**












**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# Garðurinn

30. mars 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Garðaþjónustan | BYKO | Garðlist



**Steyptir veggir og harðviðarpallar eru meðal þeirra þátta sem minnka viðhald garða og auka endingu framkvæmda. Hér er unnið með form og liti hússins í garðinum.**



**Það færist í vöxt að byggðir séu skálar í görðum þar sem njóta má garðsins á kaldari árstímum. Hér má sá fyrir sumarblómum á vorin og njóta kaldra haustdaga í hlýjunni.**



**Gróðurhús og heitur pottur tryggja að þessi garður nýtist allan ársins hring.**



**Miðað við hversu Íslendingar eru duglegir að grilla ætti útieldhús að vera efst á óskalistanum fyrir garðinn.**



**Viðhaldslítill garður með myndarlegum potti og stéttum sem ekki þurfa viðhald. Silfurgrár, rásaður harðviðurinn gefur útlit sem minnir á bryggju.**



**Heitur pottur, skjól og góðar geymslur eru að margra mati það sem gerir garðinn að útivistarparadís.**



**Silfurgrár pallur sem aldrei þarf að bera á, hvítir varanlegir veggir, góð lýsing og upphífingarstöng voru á óskalista þessara garðeigenda.**

## Draumagarðinn ætti að skipuleggja

**Björn Jóhannsson** landslagsarkitekt hannar nýja garða frá grunni og endurhannar þá eldri. Hann bendir viðskiptavinum á góðar útfærslur í görðum og gefur ráðleggingar um skjólveggi og plöntuval miðað við staðsetningu garðsins. Þá vilja margir gróðurhús og matjurtagarð.

Björn segir að góð samvinna á milli sín og garðeiganda sé mikilvæg. Hann teiknar upp fyrirhugaða útfærslu á draumagarðinum þannig að fólk geti áttað sig á hvernig hann komi til með að líta út í framtíðinni. Björn bendir á að oft taki fólk sér tíma til að vinna garðinn. „Það góða við faglegar teikningar er að fólk getur unnið eftir þeim í áföngum. Sumir vilja klára garðinn strax en aðrir vinna þetta hægt og rólega eftir efnum og aðstæðum,“ segir hann.

„Endanlegt útlit fæðist að nokkrum árum liðnum þegar gróðurinn hefur vaxið og dafnað. Að fylgja faglegri teikningu við framkvæmdir getur sparað mikla peninga í samskiptum og samvinnu við verktaka. Þá er unnið eftir mótaðri framkvæmdaáætlun í stað þess að vera sífellt að breyta og taka u-beygjur í miðri framkvæmd,“ útskýrir Björn. „Fallegur og vel hannaður garður með góðum útivistarsvæðum eykur sömuleiðis verðgildi fasteignarinnar og gerir hana mun auðveldari í sölu þegar hagir og þarfir breytast.

Það hefur aukist að fólk leiti til mín áður en það byggir. Þá er hægt að skipuleggja garðinn um leið og húsið er teiknað. Fólk vill byggja með hliðsjón af skjóli og veðri en húsið sjálft gefur alltaf meira skjól en skjólveggir. Þannig er hægt hugsa allt dæmið frá upphafi og ná fram hagræðingu í byggingarframkvæmdum með því að vinna garðinn um leið. Fleiri biðja nú einnig um steypta garð- og skjólveggi, en þeir tryggja lengri endingu og minna viðhald,“ segir hann.

„Algengast er að fólk leiti til mín þegar það er nýbúið að kaupa hús, hvort sem um er að ræða nýtt eða gamalt. Fyrir eigendaskipti eru garðar oft illa farnir og lélegir, jafnvel í mikilli niðurníðslu.



**Björn Jóhannsson landslagsarkitekt á skrifstofunni.** MYND/ERNIR

Sumir setja málið alfarið í mínar hendur á meðan aðrir hafa ákveðnar skoðanir á því hvað þeir vilja,“ segir Björn. „Ég hjálpa síðan fólki að móta mína og þeirra hugmyndir. Skjólmyndun í garðinum er góð fjárfesting. Viðskiptavinir mínir vilja flestir eyða útivistartímanum í garðinum í heitum potti, að grilla eða í notalegheitum með svaladrykk. Þeir kjósa síður að reyta arfa, eða að sinna öðru viðhaldi.“

Björn segist nýlega hafa breytt verkferlinu hjá sér. „Ég handteiknaði áður skissur á staðnum en núna sendi ég viðskiptavinum hugmyndabók, með þremur útfærslum af lykilsvæðum garðsins, greiningum á sól og skjóli, auk ljósmynda af áhugaverðum útfærslum. Þannig getur garðeigandinn myndað sér ákveðnar skoðanir á draumskipulaginu. Sjálfur er ég með pappírslausa skrifstofu og vinn allar handteikningar á iPad og þrívíðar og verkteikningar í tölvu.“

Björn segir að ein helsta breyting hjá garðeigendum á síðustu árum sé aukinn áhugi á matjurtum og gróðurhúsum. „Fólk vill rækta grænmeti, berjarunna og jafnvel ávaxtatré í garðinum. Margir eru duglegir í moltugerð og hægt er að fá vandaða safnkassa,“ segir Björn sem er með öfluga Facebook-síðu og heimasíðu undir nafninu landslagsarkitekt.is.

# Trén klippt og hreinsað til í garðinum

Með hlýnandi veðri fara garðeigendur að huga að vorverkunum. **Kristinn H. Þorsteinsson,** fræðslustjóri Garðyrkjufélags Íslands, segir klippingar, mosatætingu og almenna hreinsun garða vera efst á baugi um þessar mundir. Einnig ætti að forrækta vorlaukana núna.



MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

> **Fólk ætti því að fara á hverjum einasta degi og róta í beðunum og fjarlægja það sem er komið. Það léttir verkin sem fram undan eru í sumar.**
>
> *Kristinn H. Þorsteinsson*



**Nú er rétti tíminn til að klippa trén. Misjafnt er eftir tegundum hvernig best er að haga klippingunum.** NORDIC PHOTO/GETTY

Þar sem snjólaust er orðið og vel hægt að komast að gróðri eru trjáklippingar hafnar. Kristinn H. Þorsteinsson, fræðslustjóri Garðyrkjufélags Íslands, segir að þegar komið er að klippingum þurfi fólk að afla sér upplýsinga um þær plöntur sem það er með í höndunum.

„Það er ekki hægt að segja í stuttu máli hvernig best er að haga klippingum trjáa og runna, það er svo misjafnt eftir tegundum. Í grófum dráttum þá er það ýmist hvernig plöntur blómstra. Það getur verið á ársssprota, getur verið á fyrri sprota eða sprota sem er eldri eða allt í senn.

Ýmsar plöntur þola að vera skornar niður til þess að láta þær koma upp aftur, þá má nefna víðitegundir, toppa og kvisti. Blómgun um sumarið verður þá engin hjá tegundum sem blómstra á fyrriárssprota. Sýrena er dæmi um tegund sem blómstrar á tveggja ára sprota. Ef þær eru til dæmis kúluklipptar þá verður lítil blómgun það sumar þar sem við fjarlægjum blómsprotana. Ef rifsberjarunnar eru til dæmis kúluklipptir eða ofan af þeim tekið þá verður lítil blómgun og þar af leiðandi lítið um ber. Til að viðhalda blómgun og berjamyndun er regluleg grisjun rétta aðferðin.

Döglingskvistur er dæmi um tegund sem blómstrar á ársprota og ef hann er skorinn niður til endurnýjunar þá blómstrar hann síðsumars þá um sumarið. Fólk þarf því að afla sér upplýsinga um hvernig plönturnar bregðast við klippingum áður en það fer af stað að klippa,“ útskýrir Kristinn og bætir við að þegar við klippum limgerði þá séum við að móta lögun án tillits til blómgunar.

Hann segir að hægt sé að taka græðlinga af mörgum tegundum, eins og til dæmis víðitegundum, öspum, ylli og rifstegundum. „Auðvelt er að stinga þeim niður og fá þá til að rækta sig. Sumar tegundir eru erfiðari og þurfa þær að ræktast í stýrðu umhverfi í gróðurhúsi. Síðan eru til tegundir sem ekki skjóta rótum. Þegar teknir eru græðlingar þarf að velja góða og heilbrigða móðurplöntu, ekki taka græðlinga af plöntu sem lítur illa út því hún getur gefið af sér lélega afkomendur.“

### Falleg grasflöt

Mosinn sem er þyrnir í augum margra kemur upp snemma á vorin. Kristinn segir mosann vera áberandi á þessum tíma af því hann vex við lágt hitastig, allt niður í tvær gráður, á meðan grasið er í kyrrstöðu.

„Þannig fær mosinn ákveðið forskot. Ég mæli því með að mosatæta en hægt er að leigja góða mosatætara hjá stærri verslunum með garðyrkjuvörur. Það er gott að byrja á þessu á sæmilega þurrum degi í aprílmánuði, þá er auðvelt að eiga við mosann.

Svo er gott að sá grasfræjum í flötina í kjölfarið og passa að þau fari alveg niður í jarðveginn svo þau fjúki ekki. Vökva síðan vel yfir því það þarf að halda grasfræinu mjög röku á meðan það er að vaxa. Um leið og það fer svo að spíra þarf að bera á með til dæmis Blákorni eða öðrum lífrænum áburði, svo sem þurrkuðum hænsnaskít eða þörungamjöli. Þannig fæst þétt og falleg grasflöt þetta árið,“ segir Kristinn og brosir.

### Illgresi fjarlægt

Önnur vorverk sem Kristinn segir gott að fara í um þessar mundir er almenn hreinsun á görðum, að tína upp rusl sem kemur undan snjónum. „Einnig þarf að huga að fyrstu illgresisplöntunum sem eru að skjóta upp kollinum núna. Fjölærar illgresisplöntur eins og gras og skriðsóley eru með laust rótarkerfi fyrst á vorin. Það er því mikilvægt að tína upp allar slíkar plöntur á þessu stigi því auðvelt er að ná þeim núna. Um leið og komið er fram í júní verður rótarkerfið orðið mjög fast og erfitt að eiga við það. Fólk ætti því að fara á hverjum einasta degi og róta í beðunum og fjarlægja það sem er komið. Það léttir verkin sem fram undan eru í sumar.“

### Vorlaukar og matjurtir

Vorlaukarnir eru komnir í sölu og eru þetta blómfagrar skrautplöntur eins og anemónur, begóníur, dalíur, gladíólur, íris, liljur, bóndarósir og asíusóleyjar. Almennt þarf að forrækta vorlauka, hafa þá inni og venja þá út og segir Kristinn því mikilvægt afla upplýsinga um það þegar þeir eru keyptir.

„Margir rugla saman haustlaukum og vorlaukum en haustlaukar eru settir niður á haustin og koma upp á vorin og eru þeir almennt harðgerari. Ekki þarf að forrækta þá eins og vorlaukana. Það sama gildir um matjurtir, sumar þeirra þarf líka að forrækta og yfirleitt er mælt með því að forræktun káltegunda hefjist snemma í apríl og salattegunda í maí.

Þeir sem hafa ekki aðstöðu til að forrækta geta keypt forræktaðar plöntur í gróðrarstöðum og gróðursett þær beint niður í garðinn. Það er þó ekki gert fyrr en fer að hlýna, eða í júní,“ lýsir Kristinn og bætir við að gott sé að sá beint matjurtum sem fara beint út í garð mjög fljótlega eða um leið og moldin er það þurr að hægt sé að stinga upp matjurtagarðinn.

limtrevirnet.is



Bjóðum vætuna velkomna

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar traustu og fallegu Lindab þakrennur.

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

## Umdeildir garðgestir

Litfagrir garðálfar, úr leir, hafa notið vinsælda í mörg ár. Þeim er plantað á við og dreif um garðinn, á pallinum eða í landi sumarbústaða. Þrátt fyrir auknar vinsældir þeirra vekja þeir alltaf mismikla hrifningu meðal almennings.

Garðálfar hafa verið framleiddir í einhverri mynd í nokkrar aldir og notið helst vinsælda í Mið-Evrópu. Fjöldaframleiðsla á garðálfum úr leir, eins og flestir þekkja þá, hófst á fyrri hluta nítjándu aldar hjá þýska fyrirtækinu Baehr & Maresch sem var í Dresden. Upp úr miðri nítjándu öld hófu enn fleiri fyrirtæki framleiðslu garðálfa í Þýskalandi og vinsældir þeirra jukust jafnt og þétt þar en einnig í Bretlandi og Frakklandi. Í dag er talið að um 25 milljónir garðálfa sé að finna í görðum í Þýskalandi.



Framleiðsla þeirra hætti að stórum hluta þar í landi eftir seinni heimsstyrjöldina og í dag eru þeir að mestu framleiddir í Póllandi og Kína.

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301

VEFFANG
visir.is

UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429

ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

# Alhliða garðaþjónusta allan ársins hring

Bræðurnir **Hjörleifur Björnsson** og **Róbert Bjargarson** reka garðyrkjufyrirtækið Garðaþjónusta Íslands. Fyrirtækið tekur að sér alhliða garðvinnu og viðhald allan ársins hring fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki.

„Við erum alhliða garðaþjónusta með öflugar viðhaldsdeildir. Við sjáum um allt sem viðkemur garðinum, slátt, beðahreinsanir, trjáklippingar og fleira, fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki. Þá erum við einnig öflugt verktakafyrirtæki og tökum að okkur lóðabreytingar og meiriháttar hellulagnir og smíðavinnu," segir Hjörleifur Björnsson, annar eigandi Garðaþjónustunnar, en fyrirtækið rekur hann ásamt bróður sínum, Róberti Bjargarsyni.

„Við erum fyrst og fremst á einstaklingsmarkaðnum og einbeitum okkur að því að þjónusta einkagarða. Í viðhaldsþjónustu hjá okkur allt árið er einnig mikið af húsfélögum í bland við einstaklinga. Þá sjáum við um allt frá A til Ö sem viðkemur garðinum og bílaplani. Á veturna felst þjónustan í hálkueyðingu, söndun og snjómokstri. Á vorin og sumrin tekur svo við hefðbundin garðyrkja, s.s. klippingar, sláttur o.s.frv.

**„Garðaþjónusta Íslands er ekki stórt fyrirtæki og við viljum ekki vera það, einfaldlega vegna þess að við viljum gera hlutina vel og hafa yfirsýn yfir starfsemi okkar. Við viljum taka að okkur minna og gera það þá betur og leggjum okkur fram um að veita persónulega þjónustu.**

*Hjörleifur Björnsson*

### Persónuleg þjónusta

„Garðaþjónusta Íslands er ekki stórt fyrirtæki og við viljum ekki vera það, einfaldlega vegna þess að við viljum gera hlutina vel og hafa yfirsýn yfir starfsemi okkar," segir Hjörleifur. „Við viljum taka að okkur minna og gera það þá betur og leggjum okkur fram um að veita persónulega þjónustu. Við erum ekki í færibandavinnu."

### Fagmenn

„Við höfum fagmenntað fólk í okkar hópi og hjá okkur starfar meðal annars skrúðgarðyrkjufræðingur. Þar að auki búum við yfir gríðarlegri reynslu, sem að hluta til er komin til vegna þess að við stofnuðum fyrirtækið 2008 þegar lítið var um stærri framkvæmdir og við þurftum því að taka að okkur öll verk sem buðust. Þess vegna hefur fyrirtækið þróast út í að vera mjög sterk alhliða garðaþjónusta og mjög vel tækjum búið í alla garðyrkju og framkvæmdir."

### Skipulag fram í tímann

Hjörleifur segir sprengju hafa orðið á markaðnum á síðasta ári og fyrirspurnum og verkefnum fjölgaði svo um munaði. Því þurfi fólk að skipuleggja framkvæmdir vel fram í tímann.

„Nú er sá tími árs að ganga í garð þar sem eftirspurnin verður mikil. Á síðasta ári varð algjör sprenging og við lentum í því í fyrsta skipti að geta ekki einu sinni svarað öllum fyrirspurnum. Það er liðin sú tíð að hægt sé að hringja í garðyrkjumann og hann er kominn eftir viku. Fólk þarf að hugsa fram í tímann varðandi framkvæmdir sem á að fara í, hellulagnir, pallasmíði og annað; hafa samband og skipuleggja fram í tímann," segir Hjörleifur.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.garda.is.**




**Hjörleifur Björnsson og Róbert Bjargarson reka Garðyrkjuþjónustu Íslands.**
MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

Áratuga reynsla, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta eru okkar aðalsmerki.
*Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur garðinum þínum. Hafið samband og leitið tilboða.*




okkar þjónusta

- HELLULAGNIR
- HLEÐSLUR
- PALLASMÍÐI
- JARÐVEGSVINNA
- JARÐVINNA
- ÞÖKULAGNIR & PLÖNTUN
- GARÐSLÁTTUR
- BEÐAHREINSUN
- TRJÁKLIPPINGAR
- TRJÁFELLINGAR
- GARÐAÚÐUN & EITRUN
- JÓLASKREYTINGAR

um okkur

Við hjá Garðaþjónustu Íslands tökum að okkur flest öll þau verk sem tengjast lóðaframkvæmdum, garðaumönnun og garðyrkju. Þessi listi er vissulega ekki tæmandi yfir þau verk sem við tökum að okkur.



Hjörleifur Björnsson
S: 844 6547
hjorleifur@garda.is

GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS
- alhliða garðaþjónusta

Róbert Bjargarson
S: 866 9767
robert@garda.is

www.garda.is | garda@garda.is | www.garda.is | garda@garda.is



Grænland er sérstök deild í verslun BYKO í Breiddinni sem býður upp á mjög mikið úrval af garðvörum. Í vor verður önnur slík deild opnuð úti á Granda. MYNDIR/SISSI

# Allt fyrir garðinn í einni verslun

**BYKO** býður upp á frábært úrval af garðvörum í verslunum sínum um land allt. Mesta úrvalið er þó að finna í Grænlandi, stórri garðdeild með allt fyrir garðinn, sem finna má í verslun BYKO í Breiddinni. Annað Grænland verður opnað í verslun BYKO úti á Granda í vor. Björn Jóhannsson landslagsarkitekt veitir auk þess viðskiptavinum BYKO ráðgjöf í sumar varðandi stærri framkvæmdir í garðinum.

Verslanir BYKO hafa í mörg ár boðið upp á mikið úrval fjölbreyttra vara fyrir garðinn. Mesta úrvalið af garðvörum má finna í BYKO Breidd þar sem um nokkurra ára skeið hefur verið rekin stór garðdeild undir heitinu Grænland. Í vor verður síðan sambærileg deild opnuð í verslun BYKO úti á Granda sem mun einnig verða með fjölbreytt vöruúrval og góða þjónustu fyrir viðskiptavini BYKO, að sögn Eyrúnar Friðjónsdóttur, útstillingarstjóra hjá BYKO. „Þegar kemur að vörum fyrir garðinn bjóðum við upp á gríðarlegt úrval vara af öllum stærðum og gerðum. Auk þess mun Björn Jóhannsson landslagsarkitekt veita viðskiptavinum ráðgjöf varðandi stærri framkvæmdir í garðinum en hann verður staðsettur í verslun okkar í Breiddinni. Björn veitti slíka ráðgjöf síðasta sumar sem mæltist mjög vel fyrir meðal viðskiptavina okkar.“

### Mikið úrval af grillum

Meðal stórra og vinsælla vöruflokka má, að sögn Eyrúnar, nefna grill og grillvörur. „Þrjú stærstu merkin okkar eru Napoleon, Broil King og Weber og þar bjóðum við upp á fjölda grilla af öllum stærðum og gerðum. Einnig höfum við hafið sölu á nýjum grillum frá Belgíu sem heita Barbecook. Verslanir BYKO bjóða einnig upp á mikið úrval fylgihluta og nauðsynlegra grilláhalda á borð við tangir, bursta og hanska. Meðal vinsælla fylgihluta eru t.d. pitsusteinar sem njóta sífellt meiri vinsælda, ýmsar stærðir af kjúklingagrindum, hamborgarapressur og reykpípur.“

Sumarblómin og tilheyrandi pottar og ker eru líka fyrirferðarmikil í vöruúrvali verslunarinnar, að sögn Eyrúnar. „Fyrstu sumarblómin koma yfirleitt í hús fyrir 17. júní og þá er gott að vera búinn að undirbúa sig, t.d. með því að fjárfesta í viðeigandi pottum og kerjum. Við bjóðum upp á gott úrval blómapotta úr bæði tré og plasti en þeir síðarnefndu eru úr trefjum og springa því ekki í frosti. Auk þess bjóðum við upp á stærri blómakassa úr tré í nokkrum stærðum og gerðum. Einnig má nefna að auk hefðbundinna



Mesta úrvalið af garðvörum má finna í sérdeildinni Grænlandi sem er í verslun BYKO í Breiddinni. Í vor verður sambærileg deild opnuð úti á Granda sem mun enn frekar auka fjölbreytt vöruúrval og góða þjónustu, að sögn Eyrúnar Friðjónsdóttur, útstillingarstjóra hjá BYKO.

> **Þegar kemur að vörum fyrir garðinn bjóðum við upp á gríðarlegt úrval vara af öllum stærðum og gerðum. Auk þess mun Björn Jóhannsson landslagsarkitekt veita viðskiptavinum ráðgjöf varðandi stærri framkvæmdir í garðinum en hann mun verða í verslun okkar í Breiddinni. Björn veitti slíka ráðgjöf síðasta sumar sem mæltist mjög vel fyrir meðal viðskiptavina okkar.**
>
> *Eyrún Friðjónsdóttir*







Í verslunum BYKO má finna gott úrval blómapotta úr plasti og tré. Þeir koma í mörgum stærðum og fyrir ólík tilefni.



Nauðsynleg verkfæri fyrir trjásnyrtingu.



Það er notalegt andrúmsloft í Grænlandi og gaman að skoða fjölbreytt vöruúrvalið.




Frábært úrval af grillum í öllum stærðum frá heimsþekktum framleiðendum.



Nauðsynleg grilláhöld fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

sumarblóma seljum við líka úrval silkiblóma sem henta t.d. vel á pallinn.“

## Allt fyrir pallinn

Gott úrval tré- og plasthúsgagna er einnig í boði í BYKO og má þar helst nefna borð, stóla og sólbekki. „Auk þess má nefna að við bjóðum upp á úrval baststóla sem passa vel á pallinn og í garðinn. Litlu smáhýsin okkar hafa einnig notið vinsælda en þar erum við að selja bæði barnahús og hefðbundin garðhús sem eru t.d. notuð sem geymslur.“

Ekki má gleyma pallinum en að sjálfsögðu býður BYKO upp á allt fyrir pallinn, að sögn Eyrúnar. „Við bjóðum upp á allt fyrir þá sem eru að smíða pallinn auk alls þess sem tengist viðhaldi hans. Nú geta viðskiptavinir einnig smíðað pall úr plasti sem kemur í brúnum, svörtum og gráum lit. Það þarf ekki viðhald og því vekur efnið sífellt meiri lukku. Í tengslum við pallasmíðina bjóðum við að sjálfsögðu upp á öll verkfæri og um leið upp á öll þau verkfæri sem garðeigandinn þarf til að byggja fallegan garð.“

**Allar nánari upplýsingar um garðvörur BYKO má finna á www.byko.is.**



Falleg á pallinum.




Kolagrillin frá Barbecook vekja athygli en stutt er síðan BYKO hóf sölu á þeim.

# Eru með sérfræðinga á hverju sviði

Hjá **Garðlist** má fá alla garðaþjónustu á einum stað og segir Brynjar Kjærnested, skrúðgarðyrkjumeistari og eigandi fyrirtækisins, að starfsfólk þess leysi þau verk sem leitað er til þeirra með. Starfsfólkið sinnir nú vorverkunum á fullu enda tíminn til þess einmitt núna.

„Það er þægilegt fyrir fasteignafélög, húsfélög og auðvitað garðeigendur að þurfa ekki að leita á marga staði. Við hjá Garðlist státum okkur af því að hér sé hægt að fá alla þjónustu fyrir garðinn á einum stað,“ segir Brynjar Kjærnested, skrúðgarðyrkjumeistari og eigandi Garðlistar.

### Garðaþjónusta í áskrift

Hjá Garðlist hefur verið boðið upp á þjónustu í áskrift, þá aðallega slátt. „Þá komum við á tíu daga, tveggja vikna eða þriggja vikna fresti og sláum grasið, eftir því hvernig sprettan er. Núna erum við að bjóða líka beðahreinsun í áskrift. Þá komum við á um fjögurra vikna fresti og má reikna með fjórum til fimm skiptum yfir sumarið. Við rennum yfir garðinn og hreinsum hann létt,“ útskýrir Brynjar.

Ástæðuna fyrir því að nú sé boðið upp á þessa beðahreinsun í áskrift segir Brynjar vera að nú sé ekki lengur leyfilegt að nota fyrirbyggjandi eitur í beðin. „Frá og með áramótum er þetta fyrirbyggjandi arfaeitur bannað hér á landi. Eitrið hefur lengi verið bannað annars staðar og var Ísland með síðustu löndum þar sem þetta var leyft. Áður komum við á vorin, hreinsuðum beðin og settum eitur og þá þurfti lítið að gera fyrir garðinn eftir það. Til að halda garðinum góðum án eitursins þarf að reyta oftar. Tíu arfaplöntur gera tuttugu og tuttugu gera fjörutíu, margföldunaráhrifin eru mikil og það verður þyngra að reyta. Við mælum því með að fólk láti okkur hreinsa beðin fyrir sig, að við gerum það oftar og höfum léttari umferðir, rótum í moldinni til að koma í veg fyrir að arfinn skjóti rótum.“



**„Við hjá Garðlist státum okkur af því að hjá okkur sé hægt að fá alla þjónustu fyrir garðinn á einum stað,“ segir Brynjar Kjærnested, skrúðgarðyrkjumeistari og eigandi Garðlistar.** MYND/VILHELM

Hjá Garðlist er einnig boðið upp á að sjá um blómapotta sem standa fyrir utan fyrirtæki, hjá húsfélögum eða einstaklingum, árið um kring. „Þetta er mjög vinsæl þjónusta hjá okkur. Þá komum við á vorin og setjum blóm í pottana, skiptum svo út um sumarið og aftur um haustið, setjum þá haustplönturnar niður,“ lýsir Brynjar.

### Mikil eftirfylgni

Brynjar segir starfsfólk Garðlistar vera á fullu í vorverkunum. „Þeir sem eru ekki búnir að láta klippa hjá sér ættu að drífa í því fljótlega því upp úr miðjum apríl fer að bruma og þá er gott að vera búinn að klára klippingar. Sama má segja með trjáfellingar, það er góður tími núna og vinsælt að fella trén fyrir sumarið. Trjáfellingarnar eru farnar að aukast mjög mikið, fólk er farið að nýta garðana sína betur og stóru trén skyggja á sólina,“ segir Brynjar og bætir við að trjáfellingar séu flókið verk sem gott er að láta fagmenn um. „Það er mikill úrgangur sem kemur frá þessu verki og mikið batterí að ganga frá eftir það. Þegar búið er að fella tréð þá erum við með vél sem tætir stubbinn niður og þannig má losna við hann. Svo er hægt að tyrfa yfir blettinn eða nota þann jarðveg sem er í kring.“

Hjá Garðlist starfa skrúðgarðyrkjumeistarar og annað mjög sérhæft fólk á hverju sviði. Að sögn Brynjars njóta fastir viðskiptavinir fyrirtækisins góðs af því að vera með garða sína hjá þeim. „Við einbeitum okkur að því að sinna öllu garðaviðhaldi. Við söfnum öllum upplýsingum um þá garða sem við sjáum um. Við fylgjumst vel með hvað er verið að gera í garðinum, hvaða áburð er verið að nota, veitum ráðgjöf og fleira,“ segir Brynjar.



**Starfsfólk Garðlistar býður upp á beðahreinsun í áskrift. Þá kemur það á um fjögurra vikna fresti, rennir yfir garðinn og hreinsar hann létt.**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# Sólpalla-ráðgjöf

**Við teiknum pallinn fyrir þig í þrívídd**

Bjarnheiður Erlendsdóttir garðahönnuður teiknar sólpallinn fyrir þig í þrívídd þannig að þú sjáir hvernig hann mun koma út fullsmíðaður.

**Við byrjum 4. apríl sjá nánari dagsetningar á husa.is**
**Pantaðu tíma í síma 525 3000**





Bjarnheiður Erlendsdóttir garðahönnuður

FYLGSTU MEÐ OKKUR

**Byggjum á betra verði**

525 3000 | www.husa.is

**Alvöru græjur** **fyrir vandláta**

# Þýskar Stema kerrur og flutningavagnar á frábæru verði




Stema hafa verið mest seldu kerrurnar í Þýskalandi



## Stema box kerrur

Erum að fá Stema 1300 og 2000 kg BOX kerrur.



Box: 257x134x150
Heildarburður: 1300 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 887 kg
Verð án vsk: kr. 549.000,-

Box: 421x202x245
Heildarburður: 2000 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 1668 kg
Verð án vsk: 999.000,-

**STEMA** er stöðugt að efla gæði og þróa nýjar vörur
**STEMA** þú ferðast á öruggan hátt með Stema
**STEMA** hafa lengi verið söluhæstir í Þýskalandi
**STEMA** vörulína fyrir atvinnulíf og heimili

### Stema hjólakerrur
Kr. 199.000,- án vsk



Stema 750 kg tveggja hjóla kerrur. Sterkar og léttar kerrur á góðu verði.

Stærð á palli: 194 x 108 cm
Heildarstærð: 292 x 150 x 55
Burður: 603 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 147 kg

### Stema bílakerrur
Kr. 120.000,- án vsk



Stema Basic 750 kg fólksbílakerrur eru væntanlegar í apríl. Mikið úrval aukahluta.

Stærð á palli: 201x108 cm
Heildarstærð: 292x150x87
Burður: 615 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 135 kg

### Stema tækjakerrur
Kr. 249.000,- án vsk



Stema 750 MUT kerrur fyrir snjósleða og fjórhjól með hallanlegum palli.

Stærð á palli: 313x128 cm
Heildarstærð: 599x210x73 cm
Burður: 559 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 191 kg

### Stema flutningavagnar
Frá kr. 549.000,- án vsk



Stema 2700 og 3500 kg flutningavagnar á frábæru verði. Afgreiddir með hliðarborðum,skráningu og tilbúnir til notkunar.

| | 2700 | 3500 |
|---|---|---|
| Stærð á palli: | 401x203 | 401x203 cm |
| Heildarstærð: | 568 x 216 x 70 cm | |
| Dekkjastærð: | 4 x 13" | 4 x 13" |
| Þyngd: | 466 kg | 466 kg |
| Burður: | 2234 kg | 3034 kg |

### Stema sturtuvagnar
Frá kr. 699.000,- án vsk



Stema 2700 kg sturtuvagnar með eða án rafdrifinnar vökvadælu. Stema 2700 sturtuvagna með sturtu aftur/hliðar.

Stærð á palli: 301x153 cm
Heildarstærð: 441 x 166 x 70 cm
Dekkjastærð: 4x13"
Þyngd: 650 kg
Burður: 2050 kg

### Stema bílavagnar
Kr. 849.000,- án vsk



Stema 3500 bílavagnar með sliskjum, hallanlegum palli og spili til að draga tæki upp á sig.

Stærð á palli: 400x201 cm
Heildarstærð: 599x210x73 cm
Burður: 2660 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 840 kg

# GTM Professional sláttuvélar á hagstæðu verði



### GTM 560 6 hestöfl



Verð
Kr. 79.900,-
Sjálfkeyrandi

6 hp B&S 450 (190 cc)
Stillanlegt handfang
Stór 203/280 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd er 56 cm
Sláttuhæð 30-75 mm
70 lítra safnpoki
Þyngd 45 kg

### GTM 460 4 hestöfl



Verð
Kr. 59.900,-
Sjálfkeyrandi

4 hö B&S 500F
Stillanlegt handfang
Stór 203/280 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd er 46 cm
Sláttuhæð er 30-75 mm
Safnpoki er 60 lítra
Þyngd er 31 kg

### GTM 400 3,5 hestöfl



Verð
Kr. 39.900,-

3,5 hö B&S 450 á stálramma
Stillanlegt handfang
180/180 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd 40 cm
Sláttuhæð 25-75 mm
Safnpoki 45 lítra
Þyngd 23 kg

## Afkastamiklar, þægilegar og vandaðar sláttuvélar

### GTM PRO 52 sláttuorf



Mitsubishi mótór
2.45 hö / 1.8 kw.
Eldsneytistankur 0.9 l
3 tanna blað 305-25.4.
Þyngd 9.2 kg
Titringsvörn

Verð
Kr. 79.900,-

### GTM PRO 52 hekkklippur



GTE 25 1,2 hp tvígengismótor
Snúanlegt handfang
Miðflóttaaflskúpling
60 sm blaðlengd
2 tvíeggja blöð
Þyngd 5,5 kg

Verð
Kr. 49.900,-

## Umboðsaðilar á landsbyggðinni:

**Bolungarvík**
Vélvirkinn sf. Vélsmiðja
Hafnargata 8
415 Bolugarvík
velvirkinn.smidja@simnet.is

**Hellissandur**
Vélsmiðja Árna Jóns
Smiðjugötu 6
360 Hellissandi
Sími: 4366500

**Reyðarfjörður**
Áhaldaleiga Austurlands
Nesbraut 2
730 Reyðarfjörður
Sími: 8947081/8537081

**Dalvík**
Vélvirkinn ehf
Hafnarbraut 7
620 Dalvík
Sími: 466 1088

Fagleg þekking, varahlutaþjónusta og viðgerðir um allt land.

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

ÁSAFL



## Krydd í tilveruna

Gaman er að rækta sínar eigin kryddjurtir enda færa ferskar kryddjurtir eldamennskuna upp á nýtt stig. Auðvelt er að rækta kryddjurtir úti í garði á sumrin. Þó auðvitað sé hægt að rækta þessar jurtir frá grunni í kerjum innandyra er mun auðveldara að kaupa tilbúnar kryddjurtir í pottum og setja þær í mold í keri eða pottum. Gaman er að raða í stórt ker nokkrum gerðum af kryddjurtum en þær þrífast vel í íslenskum görðum. Það eina sem þarf að passa er að koma þeim fyrir á sólríkum stað og muna eftir að vökva þær reglulega þegar þurrt er í veðri.

Þær kryddjrtir sem tilvaldar eru fyrir íslenskt veðurfar eru til dæmis: Piparmynta, hjartafró (sítrónumelissa), grísk kjarrmynta (órigan), íslenskt blóðberg, rósmarín, garðablóðberg (timían), steinselja og sítrónutimían.

*Heimild: Gardurinn.is*



## Vorlaukar forræktaðir

Almennt þarf að forrækta vorlauka, hafa þá inni og venja þá út. Gott er að setja þá í rúmgóðan pott með næringarríkri mold um miðjan mars og fram í maí. Því stærri sem þeir eru, því fyrr þarf að setja þá niður. Halda skal moldinni rakri allan vaxtartímann en gæta vel að frárennsli í pottinum því laukar, hnýði og forðarætur fúna standi þær í blautum jarðvegi. Líkt og með haustlauka og hnýði á að setja vorlauka og hnýði niður sem nemur tvisvar til þrisvar sinnum þykkt þeirra og þjappa moldinni lauslega í kring. Eftir að laukarnir eru komnir í pott á að setja hann á bjartan stað. Þegar fyrstu blöðin koma í ljós á að flytja pottinn á svalari stað en gæta þess að birta sé nóg. Gott er að gefa áburð þegar vöxturinn er kominn vel af stað og plantan hefur náð vænum tíu sentímetrum á hæð. Seinni hluta maí eða í byrjun júní er kominn tími til að herða jurtirnar með því að setja pottinn út á svalir eða tröppur í tvo til þrjá klukkutíma á dag. Útiverutíminn er svo lengdur smám saman þar til hætta á næturfrosti er liðin hjá. Eftir það er óhætt að hafa plönturnar úti allan sólarhringinn.

*Heimild: gardheimar.is*

## KARTÖFLURÆKT FÓR HÆGT AF STAÐ

Fiedrich Wilhelm Hastfer, sænskur barón, varð fyrstur til þess að rækta kartöflur á Íslandi svo vitað sé. Það var árið 1758 og voru kartöflur settar niður í görðum á Bessastöðum. Litlum sögum fer af uppskerunni. Árið eftir fékk Björn Halldórsson í Sauðlauksdal sent útsæði í ágúst, frá Danmörku, sem hann setti niður og fékk smælki upp í október. Kartöflurnar voru rauðar og hnöttóttar og hugsanlega yrkið sem kallað er rauðar íslenskar. 1760 fékk Björn góða uppskeru og um það leyti hófu fleiri að setja niður kartöflur þó lítill áhugi væri fyrir því að borða þær lengi vel en garðyrkja varð ekki algeng á Íslandi fyrr en í upphafi 19. aldar. Árið 1807 fékk Hans Wilhelm Lever, kaupmaður á Akureyri, sent útsæði frá Ameríku og árið 1851 voru settar niður kartöflur í Vestmannaeyjum. Það var veitingakona, Anne Johanne Ericsen, og þótti heimamönnum illa farið með jarðveginn að stinga hann upp.

*Heimild: wikipedia.org*



GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

# Allt fyrir garðinn á einum stað

- Garðsláttur
- Trjáklippingar
- Beðahreinsun
- Úðun
- Stubbatæting
- Þökulagning
- Áburðargjöf
- Trjáfellingar
- Stéttahreinsun
- Hellulagning
- ...og svo margt fleira

Frá því Garðlist ehf. var stofnað fyrir yfir 25 árum síðan, höfum við haft það að leiðarljósi að veita framúrskarandi þjónustu fyrir garðinn á einum stað. Við þökkum þeim þúsundum einstaklinga, húsfélaga og fyrirtækja sem við höfum átt í viðskiptum við undanfarin ár, á sama tíma og við bjóðum nýja viðskiptavini hjartanlega velkomna.

554 1989 www.gardlist.is Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík

# GARÐSKÁLAR Á BRAUTUM




YouTube LEITARORÐ: GARÐSKÁLI OG GARÐKÚLA










# GARÐKÚLUR Á BRAUTUM






**JÓN BERGSSON**

Fylgið okkur á facebook

Kletthálsi 15, S: 588 8886, www.JonBergsson.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



FORD Transit 460 l4 . Árgerð 2016, ekinn -1 Þ.KM, dísel, 6 gírar.18 manna Verð 5.980.000.án VSK Afhendigart 3 til 5 vikur Rnr.115158.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100bilar.is bílasala



Ford Focus Electric, 9/2015, nýr og óekinn bíll, sjsk, 143 hö, ásett verð 3950 þús, er á staðnum, raðnr 152407.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



NISSAN QASHQAI 4x4 Árg. '12, ek. 56þ.km, dísel, sjálfskiptur. Engin skipti. Verð 3.290.000. S: 8916441

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugg.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

### Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

**Bókhald**
- Skattframtöl einstaklinga
- Skattframtöl fyrirtækja
- Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
- Bókhald húsfélaga
- Laun og skilagreinar
- Stofnun fyrirtækja

Sanngjarnt verð

**Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf**
**Síðumúla 1 108 Reykjavík**
**581-1600 • www.vidvik.is**

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

K2 LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s.6996980

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Kristín s. 8979002.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

### námskeið

## Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendakúrs:**
Mánudaga og miðvikudaga 10:00-11:30
Mánudaga og miðvikudaga 13:00-14:30
Mánudaga og miðvikudaga 17:30-19:00

**Framhaldsnámskeið II:**
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00-14:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30-19:00

**Framhaldsnámskeið III:**
Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00-11:30
Mánudaga og miðvikudaga 19:15-20:45



**Verð á mann 23.500.-**

**Námskeiðin hefjast 4 og 5 apríl.**

**Upplýsingar í s. 698 50 33 eða binsina@gmail.com**

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR EHF. SÍMI: 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

Landsvirkjun

## Þeistareykjavirkjun
## Hljóðdeyfar fyrir borholur
### Útboð nr. 20220

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í hljóðdeyfa fyrir borholur Þeistareykjavirkjunar í Þingeyjarsveit samkvæmt útboðsgögnum nr. 20220.

Verkinu er skipt upp í tvær lotur og felst í efnisútvegun og smíði á 8 hljóðdeyfum fyrir borholur, ásamt flutningi þeirra á virkjunarstað og vinna annað það sem tiltekið er í útboðsgögnum nr. 20220.

**Afhendingartímar eru eftirfarandi:**
- Afhendingartími fyrir lotu 1
  4 stk. hljóðdeyfar, ágúst – desember 2016.
- Afhendingartími fyrir lotu 2
  4 stk. hljóðdeyfar, júní – nóvember 2017.

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar, http://utbod.lv.is

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan **12:00 fimmtudaginn 14. apríl 2016**.

Tilboð verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

getur ekki leitt launahækkanir í landinu. Það verða útflutnings- og samkeppnisgreinarnar að gera.“

**Flókið að mæta hækkununum**

Guðrún segir að það verði meiriháttar mál fyrir iðnaðinn að mæta þessum launahækkunum. „Þar get ég nefnt hefðbundinn iðnað eins og matvælaiðnað. Farvegurinn er þá bara einn til að mæta þessu og við þekkjum hann alveg. En þetta er framhlaðinn samningur og ég trúi því að við séum að kaupa okkur framtíð. Við erum í fyrirframgreiðslu inn í stöðugleikann,“ segir Guðrún og bætir því við að hún hafi miklar væntingar um að svokallað SALEK-samkomulag geti stuðlað að auknum stöðugleika. Það sé samkomulag um að skapa nýtt vinnumarkaðsmódel, sem sé gríðarlega mikilvægt.

„Við erum búin að fá einn fremsta vinnumarkaðssérfræðing Noregs til að leiða þá vinnu,“ segir Guðrún. Horft sé til Norðurlandanna í þeirri vinnu.

*Að allt öðru, hvernig snertir regluverðarumhverfið íslenskan iðnað? Hvað hafið þið gert til að hafa áhrif á hvernig það er unnið?*

Það er okkur gríðarlega mikið hjartans mál og líka mér persónulega. Því að ef eitthvað er eitur í mínum beinum þá er það miðstýring. Ég hef feiknatrú á fólki og það hvarflar ekkert að mér að fara að vasast í einkalífi fólks. Hvenær þú eigir að borða eða hreyfa þig. Eða hvort þú eigir að ganga eða keyra í vinnuna. Ég treysti þér bara fullkomlega til að taka þær ákvarðanir,“ segir Guðrún. Reglugerðarbáknið og eftirlitsbáknið sé þess eðlis að það lýsi svolitlu vantrausti á fólk og þá verði að veita svolitla viðspyrnu.

Guðrún segir að það verði að sjálfsögðu að bregðast við ef fólki verður á í messunni. En eftirlitskerfin megi aldrei verða íþyngjandi, heldur eigi þau að hjálpa til. Hún segir að bæði reglugerðar- og eftirlitsumhverfið sé íþyngjandi í dag og það sé mjög miður. „Mér þykir mjög miður ef fólk með góðar hugmyndir gefst upp vegna þess að það verður svo mikil þrautaganga að hrinda þeim í framkvæmd. Það að þú þurfir að ganga á milli Pontíusar og Pílatusar til að fá leyfi, hvort sem það eru byggingarleyfi, leyfi til að opna veitingastaði, matvælavinnslu eða hvað annað,“ segir hún.

> **Venjuleg kona úr Hveragerði verður ekki forseti**
>
> Guðrún Hafsteinsdóttir

Guðrún vill að í framtíðinni geti fólk farið á einn stað og afgreitt öll sín leyfismál. „Oft og tíðum er þetta bara aukin skattheimta,“ segir Guðrún og bendir á að sveitarfélög hafi til að mynda tekið upp sérstakt umfjöllunargjald. Sveitarfélögin innheimti þá 15 þúsund krónur fyrir að taka á móti fyrirspurnum. „Ég hef engan skilning á því,“ segir Guðrún en bætir þó við að það þurfi að vera rammi utan um alla starfsemi. Alveg sama hvort það er í bankakerfinu, heilbrigðiskerfinu eða annars staðar. „Hann þarf að vera þannig að allir skilji. Þannig að það sé gott að vinna í honum og hann á ekki að vera íþyngjandi. Svo á hann að vera þannig að við förum eftir honum. Mér finnst við Íslendingar alltaf vera að vinna þannig að það eru sett lög og reglur sem við vinnum síðan ekkert eftir. Ekki löggjafinn heldur. Við eigum að hætta því. Það á aldrei að setja lög sem þú ætlar ekki að fylgja. Rétt eins og þú átt ekki að setja reglur heima gagnvart börnunum þínum sem þú fylgir ekki eftir. Þá tekur enginn mark á þér.“

**Iðnnám verði markaðssett betur**

Talið berst að stöðu iðnmenntunar. Hvort slík menntun hafi verið gerð nógu spennandi og hvernig mögulegt sé að bæta stöðu hennar. Guðrún segir að skoðanakannanir á meðal félagsmanna sýni að þeim sé mjög umhugað um nýliðun innan greina sinna. Þeim sé þess vegna mjög umhugað um menntun. Það þurfi að gera betur.

„Ég er markaðsmanneskja og ég held að við höfum bara ekki markaðssett iðnnám nógu vel,“ segir hún. Bóknámið hafi tekið fram úr og það virðist hafa verið miklu betur gert en iðnnámið hafi gert. Guðrún segir að Samtök iðnaðarins séu að gera sitt besta til að kynna iðngreinar fyrir ungu fólki. Meðal annars með vefnum Nema hvað!

„Árið 2014 voru 12 prósent grunnskólanema sem völdu iðnnám. Á síðasta ári voru þau 14 prósent og við erum búin að setja okkur það markmið að 2025 verði þetta hlutfall 25 prósent og það verði komið upp í 30 prósent árið 2030. Þetta eru mjög háleit markmið og við þurfum að hafa okkur öll við ef við ætlum að ná þessu,“ segir Guðrún. Hún segir að það þurfi að breyta viðhorfi fólks til iðnnáms. Til dæmis ættu foreldrar að varast að gera bóknámi hærra undir höfði en verknámi. Og fólk verði að varast að halda því fram að einhverjar bóknámsgreinar geti gefið betur af sér en iðngreinar.

„Ef þú tekur ævitekjur þessara hópa, þá eru ævitekjur margra iðnaðarmanna hærri en margra lögfræðinga eða lækna. Meðaltekjurnar eru góðar, fólk fer fyrr út á vinnumarkaðinn. Það fer fyrr að kaupa sér íbúð og fyrr að greiða niður sínar skuldir. Og er oft með minni skuldbindingar. Því lengra nám kallar á hærri námslán. Við verðum alltaf að hafa í huga að hamingjan er ekki fólgin í peningum. Flestir eru fjörutíu til fimmtíu ár á vinnumarkaðnum og þá er nú betra að velja sér starfsgrein sem veitir manni gleði í öll þessi ár. Það verður að vera gaman í vinnunni.“

**Lífeyrissjóðir bera ábyrgð**

Guðrún er nýsest í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Hún segir lífeyrissjóðina standa sterkum fótum og hafa staðið vel af sér hrunið. „Ef þú horfir á ávöxtun til lengri tíma þá er hún góð,“ segir hún.

Aðspurð segir Guðrún að sér finnist eðlilegt að lífeyrissjóðirnir, sem stórir hluthafar í mörgum fyrirtækjum, taki meiri þátt í stjórnum þeirra fyrirtækja sem þeir eigi hlut í.

„Mér finnst eðlilegt að sá sem á stóran hlut í fyrirtækjum hafi eitthvað um þau að segja. Þar liggja hagsmunir og að því leytinu til tel ég að lífeyrissjóðirnir eigi, í krafti eignarhalds, að veita aðhald. Það er mín persónulega skoðun,“ segir Guðrún.

Hún tekur VÍS sem dæmi, en á dögunum var deilt mikið á arðgreiðslutillögur sem stjórn VÍS hugðist leggja fyrir aðalfund en hætti svo við. „Ef þú ættir hlut í VÍS, hefðir þú ekki í ljósi atburðarásarinnar reynt að stíga þar inn í? Hefðir þú ekki reynt að hafa áhrif þar, ef slík atburðarás verður þess valdandi að eignin þín í þessu félagi rýrnar? Á stór hluthafi, hvort sem það er lífeyrissjóður eða annar, að sitja passífur fyrir utan og horfa á það gerast? Mér finnst það bara rangt.“

Guðrún leggur áherslu á að fólk sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir lífeyrissjóðina starfi þar eftir eigin sannfæringu en með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi. Og hún telur að lífeyrissjóðirnir hafi samfélagslegu hlutverki að gegna. „Ekki síst í ljósi þess hvað þeir eru stórir á markaði,“ segir hún.

**Gott að reka fjölskyldufyrirtæki**

Guðrún er ekki einungis í forystu fyrir Samtök iðnaðarins heldur rekur hún Kjörís með fjölskyldu sinni. Hún segir frábært að reka fyrirtæki með fjölskyldu sinni. „Það er gott að reka fyrirtæki með þeim sem manni þykir vænst um. En það getur líka verið snúið. Við höfum séð það á Íslandi og erlendis að það eru mörg dæmi um það að svona félög splundra fjölskyldum. Við erum bara svo heppin held ég að okkur lánast að vinna saman og okkur líður vel,“ segir Guðrún um fjölskyldu sína. Fjölskyldan sé samrýmd, verji stundum saman bæði í vinnunni og utan hennar.

„Móðir okkar á meirihluta í fyrirtækinu og hún ræður öllu. Það er þannig að sá sem á meirihluta hann ræður öllu í krafti þess valds. Mamma heldur mjög þétt utan um hópinn sinn. En það er mikill kærleikur á milli okkar systkina, allra fjögurra. Okkur líður mjög vel saman og það hafa aldrei komið upp stór átök. Við erum ekki alltaf sammála. En við rífumst sjaldan og ræðum hlutina þeim mun meira.“

Guðrún hefur verið orðuð við framboð til forseta Íslands og meðal annars var opnuð síða á Facebook þar sem hún var hvött til þess að gefa kost á sér. Hún segist þó alls ekki hafa slíkt á prjónunum.

„Nei, ég trúi því ekki að þú sért að spyrja mig að þessu,“ segir hún létt í bragði þegar blaðamaður vekur máls á þessu. Hún segist telja að þeir sem hafi skorað á sig hafi verið að grínast. „Venjuleg kona úr Hveragerði verður ekki forseti,“ segir Guðrún.




Á meðan við prentum fyrir þig…

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

GERÐUR SIGTRYGGSDÓTTIR



## Nýr sparisjóðsstjóri

Sparisjóður Suður-Þingeyinga hefur ráðið Gerði Sigtryggsdóttur í stöðu sparisjóðsstjóra frá og með 1. júní næstkomandi.

Gerður, sem er fædd og uppalin á Breiðumýri í Reykjadal, hefur viðskiptafræðimenntun og starfaði um árabil hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Undanfarin þrjú ár hefur Gerður verið skrifstofustjóri hjá Þingeyjarsveit. **– sg**

HÓLMAR SVANSSON



## Stýrir Sæplasti

Hólmar Svansson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri hverfisteypufyrirtækisins Sæplasts á Dalvík.

Hólmar er menntaður í iðnaðarverkfræði frá Alabamaháskóla í Bandaríkjunum og með MBA frá Purdue-háskólanum í Indíana. Hann tók við starfi sölu- og markaðsstjóra Sæplasts haustið 2013. Áður hafði hann starfað sem ráðgjafi hjá Capacent og m.a. verið í stjórnunarstöðum hjá Samskipum og Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar.

SIGRÚN ÞORLEIFSDÓTTIR



## Til Vífilfells

Sigrún Þorleifsdóttir hefur verið ráðin til að stýra starfsmannasviði Vífilfells og tekur jafnframt sæti í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Sigrún var áður einn af eigendum Attentus og sinnti þar meðal annars stjórnunarráðgjöf á sviði mannauðsmála. Hún var auk þess einn af stofnendum Vendum ehf. – stjórnendaþjálfunar og starfaði þar frá 2010 til 2012.



Sigurður Guðjónsson hefur sinnt starfi forstöðumanns Veiðimálastofnunar frá árinu 1997. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Læknaðist af veiðibakteríunni við að vinna í hafrannsóknum

**Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður Veiðimálastofnunar, tekur við starfi forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna, í næsta mánuði. Hann er doktor í fiskifræði og hefur ritað fjölda vísindagreina. Hann hefur gaman af því að veiða og ferðast og gutlar aðeins í golfinu.**

## SVIPMYND

### SIGURÐUR GUÐJÓNSSON

Sigurður Guðjónsson hefur verið skipaður forstjóri Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna. Hann tekur við starfinu þann 1. apríl næstkomandi. Um er að ræða nýja stofnun sem tekur til starfa þann 1. júlí 2016 við sameiningu Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar. Sigurður hefur verið forstöðumaður Veiðimálastofnunar frá árinu 1997.

„Þetta leggst vel í mig, þetta er bara spennandi verkefni, að sameina þessar tvær stofnanir,“ segir Sigurður. Flutningar og skipulagsmál verða í forgrunni í upphafi starfsins hjá honum. „Það gefur augaleið, þegar verið er að sameina tvær stofnanir, þá þarf að huga að nýju skipulagi,“ segir Sigurður.

Sigurður lauk BSc.-prófi í líffræði frá Háskóla Íslands árið 1980 og MSc.-prófi frá Dalhousie-háskólanum í Halifax árið 1983. Þá lauk hann doktorsprófi í fiskifræði frá Oregon State University. Hann hefur verið aðalhöfundur og meðhöfundur að yfir tuttugu ritrýndum vísindagreinum sem birst hafa í viðurkenndum erlendum tímaritum. „Fókusinn í rannsóknum hefur breyst eftir tímanum en núna síðustu ár hefur maður mikið verið í rannsóknum á laxi í sjó,“ segir hann.

Það má því segja að Sigurður hafi mestan part lífsins fengist við sjávarrannsóknir. „Eins og einhver sagði við mig í gær renna öll vötn til sjávar. Ég hef verið í gegnum tíðina í rannsóknum í fersku vatni og í seinni tíð hefur maður elt laxinn út í sjó og verið að rannsaka lax í sjávarvistinni.“

> **Ég hef verið í gegnum tíðina í rannsóknum í fersku vatni og í seinni tíð hefur maður elt laxinn út í sjó og verið að rannsaka lax í sjávarvistinni.**
>
> Sigurður Guðjónsson

Kona Sigurðar er Guðríður Guðfinnsdóttir sérkennari og eiga þau fjóra uppkomna drengi. „Ég er forríkur maður og fyrsta barnabarnið er mætt þannig að nú er maður orðinn virðulegur afi,“ segir Sigurður og bætir við að hann muni koma til með að fræða barnabarnið um fiskinn. „Hann er nú bara nokkurra mánaða gamall, en það er ekki of snemmt að byrja.“

Utan starfsins ferðast þau hjónin og fjölskyldan mikið saman. Sigurður segir ekkert svæði í sérstöku uppáhaldi. „Þau eru nú svo mörg, ég hef ferðast mikið um landið og það er fallegt og víða erlendis líka, en ég vil kannski ekki gera upp á milli þeirra svoleiðis.“ Hann segist einnig gutla aðeins í golfi.

Sigurður hefur alltaf haft gaman af veiði og það kemur fyrir að hann fari í stangveiði, og veiði bæði lax og silung. „En maður læknaðist aðeins af veiðibakteríunni þegar maður vann við þetta. Sérstaklega í gamla daga, þegar maður var í rannsóknum og var búinn að vera tvo mánuði úti í á þá vildi maður nú gera eitthvað annað þegar maður fór í frí,“ segir Sigurður.

**saeunn@frettabladid.is**

# Styttist í sölu grunnreksturs Yahoo og asískra eigna

Forsvarsmenn netfyrirtækisins Yahoo hafa veitt fjárfestum tvær vikur til þess að skila tilboðum í grunnrekstur þess. Þeir hafa þangað til 11. apríl til þess að skila inn tilboði í grunnrekstur fyrirtækisins og eignir þess í Asíu, Alibaba Group Holding og Yahoo Japan.

Samkvæmt heimildum Wall Street Journal hafa fjörutíu fyrirtæki sýnt áhuga á hlutanum í fyrirtækinu en forsvarsmenn þess vilja fækka þeim sem sækjast eftir eignarhaldinu. Meðal áhugasamra eru fjarskiptafyrirtækið Verizon, IAC/InterActiveCorp. og Time Inc. Microsoft bauð Yahoo tilboð um yfirtöku árið 2008 en hefur ekki lengur áhuga á beinni yfirtöku.

Stjórnendur Yahoo eru undir mikilli pressu um að koma söluferlinu af stað fyrir sumarið en þá munu hluthafar koma saman og ákveða hvort þeir ætli að skipta út stjórnarmönnum fyrirtækisins. Með því að koma söluferlinu af stað í byrjun apríl er talið að samningar geti náðst í júní eða júlí.

Mikil óvissa ríkir um framtíð Marissu Mayer, forstjóra Yahoo, en hún hefur sætt gagnrýni á síðustu mánuðum fyrir hægagang í endurskipulagningu fyrirtækisins. Markaðurinn greindi frá því í lok síðasta árs að ef henni hefði verið sagt upp þá vegna sölu fyrirtækisins fengi hún allt að 110 milljónir dollara, jafnvirði 14,2 milljarða íslenskra króna, í starfslokasamning. Hlutabréfaverð Yahoo hefur hins vegar lækkað töluvert síðan þá og fengi hún nú mun minna, eða 37 milljónir dollara, jafnvirði 4,7 milljarða íslenskra króna. **– sg**



Marissa Mayer, forstjóri Yahoo, gæti misst vinnuna ef af sölu grunnreksturs fyrirtækisins verður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


4
ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR
BESTA MYND
BESTA LEIKSTJÓRN - LENNY ABRAHAMSON
BESTA HANDRIT - EMMA DONOGHUE
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI - BRIE LARSON
"JOAN ALLEN IS EXCELLENT."
JUSTIN CHANG, VARIETY
"LIFE-AFFIRMING AND AWE-INSPIRING."
BRIAN FORMO, COLLIDER
"JACOB TREMBLAY IS A STARTLING REVELATION."
NIGEL SMITH, theguardian
"ASTONISHING PERFORMANCES."
DAVID EHRLICH, Time Out New York
"AN ENTHRALLING FILM WITH TWO EXCEPTIONAL PERFORMANCES"
JOE MORGENSTERN, THE WALL STREET JOURNAL
"BRIE LARSON MUN FÁ ÞIG TIL AÐ TAKA ANDKÖF.
ÞÚ MUNT EKKI SJÁ BETRI LEIK Í ÁR"
OFFICIAL SELECTION Telluride FILM FESTIVAL 2015
TRULY MOVING PICTURE AWARD heartlandfilm
SIGURVEGARI
PEOPLE'S CHOICE AWARD
tiff.40 toronto international film festival
ÓSKARSVERÐLAUN
Besta leikkona í aðalhlutverki - Brie Larson
Óður til móðurástarinnar
RICHARD LAWSON, VANITY FAIR
ÁSTIN Á SÉR ENGIN TAKMÖRK
ROOM
BYGGT Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK
AN A24 RELEASE TELEFILM CANADA FILM4 AND BORD SCANNÁN NA hÉIREANN/THE IRISH FILM BOARD
WITH THE PARTICIPATION OF ONTARIO MEDIA DEVELOPMENT CORPORATION PRESENT AN ELEMENT PICTURES/NO TRACE CAMPING PRODUCTION IN ASSOCIATION WITH DUPERELE FILMS A FILM BY LENNY ABRAHAMSON "ROOM"
BRIE LARSON JACOB TREMBLAY JOAN ALLEN SEAN BRIDGERS AND WILLIAM H. MACY CASTING BY FIONA WEIR ROBIN D. COOK CSA COSTUME DESIGNER LEA CARLSON MUSIC BY STEPHEN RENNICKS EDITOR NATHAN NUGENT PRODUCTION DESIGNER ETHAN TOBMAN
DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY DANNY COHEN BSC BASED ON THE NOVEL BY EMMA DONOGHUE EXECUTIVE PRODUCERS ANDREW LOWE EMMA DONOGHUE JESSE SHAPIRA JEFF ARKUSS DAVID KOSSE ROSE GARNETT TESSA ROSS
PRODUCED BY ED GUINEY p.g.a. DAVID GROSS SCREENPLAY EMMA DONOGHUE DIRECTED BY LENNY ABRAHAMSON
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
KRINGLAN SAMBÍÓIN
SAMbio.is
AKUREYRI SAMBÍÓIN
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN
ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN
12



Námslán
Sigrún Dögg Kvaran
f.h. stjórnar SÍNE

## LÍN og námsmenn erlendis

Kostir þess að fara í nám erlendis eru margvíslegir, ekki bara fyrir einstaklinginn heldur líka fyrir samfélagið. Það er samfélaginu mikilvægt að námsmenn fari utan í nám og kynnist nýrri menningu, nái sér í aukna reynslu og fái nýja innsýn. Flestir geta verið sammála um að þetta er þroskandi reynsla sem eykur fjölbreytileika samfélagsins og er afar mikilvægt atvinnulífinu. Það væri fátæklegt samfélag þar sem fáir færu í nám erlendis eða það væri eingöngu mögulegt fyrir örfáa útvalda sem hefðu sterkt efnahagslegt bakland.

LÍN er lykilstofnun hvað varðar jafnan aðgang og möguleika einstaklinga til náms. Að fara í nám erlendis getur verið kostnaðarsamt, oft eru skólagjöld sem þarf að standa skil á og svo þarf að framfleyta sér í nýju og framandi landi. Því treysta íslenskir námsmenn á LÍN, bæði til að fá lánað fyrir skólagjöldum og framfærslu erlendis. Hins vegar eru blikur á lofti, samhliða harkalegum niðurskurði á framfærslu- og skólagjaldalánum LÍN hefur dregið úr fjölda námsmanna sem kjósa að fara í nám erlendis. Samkvæmt ársskýrslu LÍN 2014 hefur lánþegum í námi erlendis fækkað um 14 prósent á fimm ára tímabili. Hér er sterk fylgni á milli harkalegs niðurskurðar framfærslulána og fjölda námsmanna sem fara í nám erlendis.

Eitt af sérkennum íslenskra námsmanna er fjölskyldusamsetningin en oft eru þeir með börn á framfæri. Þessi hópur námsmanna, fjölskyldufólk, treystir á námslánin til að framfleyta sér á meðan á námi stendur. Samkvæmt ársskýrslu LÍN 2014 voru 17 prósent lánþega erlendis þör með eitt eða fleiri börn á framfæri og 5 prósent einstæðir foreldrar. Án þess að alhæfa er líklegt að fjölskyldufólk sé ekki jafn viljugt og barnlausir til að taka fjárhagslegar áhættur. Raunveruleikinn er sá að nú til dags er það fjárhagsleg áhætta að flytja utan í nám með börn á framfæri, þar sem óvissan vofir yfir um hve mikill næsti niðurskurður hjá LÍN verði.

Hver er stefna stjórnvalda í málefnum námsmanna erlendis?

**Samkvæmt ársskýrslu LÍN 2014 hefur lánþegum í námi erlendis fækkað um 14 prósent á fimm ára tímabili.**

## Minni hagvöxtur í Víetnam



Hagvöxtur í Víetnam dróst saman á fyrsta fjórðungi ársins. Hann var 6,12 prósent á fyrsta fjórðungi í fyrra en einungis 5,46 prósent núna. Þessi hressi poppkornssali lætur það þó ekki á sig fá og heldur vinnu sinni áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ofmat á hættu vekur heimskuleg viðbrögð



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Hinar hræðilegu hryðjuverkaárásir í Belgíu hafa aukið enn á óttann við hryðjuverk í Evrópu. Stjórnvöld alls staðar á meginlandinu kalla eftir nýjum aðgerðum til að berjast gegn öfgastefnum, og lýðskrumarar hafa orðið snöggir til að krefjast þess að landamærum Evrópu verði lokað. Það er hins vegar augljós hætta á að efnahagslegur kostnaður vegna slíkra aðgerða gæti auðveldlega orðið meiri en hægt væri að réttlæta með raunverulegri hryðjuverkaógn.

Staðreyndin er sú að samanborið við tíma kalda stríðsins eru mun færri drepnir í hryðjuverkaárásum í Evrópu núna en á 8. og 9. áratug síðustu aldar og það sem er enn mikilvægara: Raunveruleg hætta á að farast í hryðjuverkaárás er mjög lítil.

Í skýrslu um hryðjuverk frá 2011 greindi hið bandaríska National Counterterrorism Center frá því að Bandaríkjamenn væru eins líklegir til að „merjast til bana undir sjónvörpum sínum eða húsgögnum á hverju ári“ og að falla fyrir hendi hryðjuverkamanna. Berið svo saman hættuna á að farast í hryðjuverkaárás og hættuna á að deyja í umferðarslysi.

Tökum mannskæðasta árið í Evrópu hvað hryðjuverk varðar síðan 2000. Árið 2004 dóu næstum 200 manns samanlagt í hryðjuverkaárásum í Evrópu. 2004 var ár lestarsprengingarinnar í Madríd. Berum þetta nú saman við fjölda þeirra sem létust í umferðarslysum. Hér eru nýjustu tölur: 746 í Belgíu (2013), 3.268 í Frakklandi (2013) og 1.730 á Spáni (2013). Líkurnar á að deyja í umferðarslysi eru mjög litlar, en það er samt mun líklegra en að deyja í hryðjuverkaárás. Eða með öðrum orðum – á hverju ári deyja fleiri í umferðarslysum í Frakklandi en fórust í árásunum 11. september 2001.

Þrátt fyrir þetta heyrum við mjög fáa stjórnmálamenn tala um umferðaröryggi, en bókstaflega allir evrópskir stjórnmálamenn æpa nú um þörfina á að „gera eitthvað“ varðandi hryðjuverkaógnina.

Ég held að það séu tvær meginástæður fyrir þessari „gera eitthvað“ tilhneigingu í evrópskum stjórnmálum (það á ekki bara við um hryðjuverk heldur getur það ekki síður átt við um til dæmis umræður um umhverfismál).

Í fyrsta lagi hafa sálfræðingar sýnt fram á að maðurinn er almennt ekki mjög góður í að meta hættuna af mjög fátíðum atburðum (eins og að vera drepinn í hryðjuverkaárás) og að fólki hætti til, sálfræðilega, að ofmeta alvarlega slíka hættu.

Í öðru lagi er það sem bandaríski hagfræðingurinn Bryan Caplan hefur nefnt vitrænt óskynsama kjósendur. Það sem Caplan á við með þessu er að í kosningaferlinu þurfi kjósendur raunverulega ekki að leggja skynsamlegt mat á hlutina þar sem líkurnar á að okkar einstaka atkvæði hafi eitthvað að segja um útkomu kosninganna eru mjög takmarkaðar – við getum, ef svo má segja, verið vitrænt óskynsöm, óábyrg og fávís.

Þess vegna erum við miklu líklegri til að láta undan ótta og hugarórum í hinu pólitíska ferli en þegar við tökum ákvarðanir um til dæmis að kaupa bíl eða að fjárfesta. Stjórnmálamenn vita þetta vel og spila með glöðu geði á óttann. Þegar allt kemur til alls ná stjórnmálamenn sjaldan kosningu með því að leggja tölfræði fyrir kjósendur.

En við megum ekki og eigum ekki að láta undan óttanum – hvorki í einkalífi okkar né þegar við tökum pólitískar ákvarðanir. Það sem best er að gera er það sem Bretar segja – „halda ró okkar og halda áfram“. Það þýðir ekki að við ættum að hunsa hryðjuverk sem ógn við evrópska borgara, en ef við látum undan óttanum og látum hann stjórna stefnunni hafa hryðjuverkamennirnir sannarlega sigrað.

## Samskipti stjórna og hluthafa



Hin hliðin
Helga Hlín Hákonardóttir hdl.
meðeigandi hjá Strategíu og stjórnarmaður í atvinnulífinu

Bein þátttaka hluthafa í stjórnarháttum hefur á undanförnum árum þróast rétt eins og önnur svið stjórnarhátta. Hluthafar taka nú beinan þátt í fleiri ákvörðunum en áður varðandi stjórnun félags, s.s. varðandi starfskjarastefnu – og ýmis Evrópuríki hafa aukið réttindi kjölfestuhluthafa, s.s. til framlagningar tillagna og aukins atkvæðavægis.

Þátttaka hluthafa utan hluthafafunda hefur einnig verið rædd. Alla jafna ætti upplýsingagjöf stjórnar og hluthafafundir að duga hluthöfum til samskipta við stjórnir, en sjónum hefur í auknum mæli verið beint að beinum samskiptum utan funda. Ekki eru takmarkanir á aðgangi annarra haghafa að stjórn s.s. starfsmanna, kröfuhafa og hagsmunasamtaka – og því vandséð hvers vegna hluthafar ættu ekki að eiga farveg fyrir sjónarmið sín. Í leiðbeiningum OECD frá 2015 og drögum að tilskipun Evrópusambandsins 2014/0121 (COD) eru samskipti stofnanafjárfesta við stjórnir sérstaklega tekin til umfjöllunar. Í leiðbeiningum OECD segir: „Hins vegar er atkvæðagreiðsla á hluthafafundum aðeins einn farvegur fyrir þátttöku hluthafa. Bein tengsl og samskipti við stjórn eru önnur birtingarmynd fyrir þátttöku hluthafa sem gjarnan er nýtt.“

Í grein 2.10.2 í íslenskum Leiðbeiningum um stjórnarhætti frá 2015, segir í samræmi við framangreint að stjórn skuli koma á „... skilvirku og aðgengilegu fyrirkomulagi samskipta hluthafa við stjórn félagsins þannig að þeir hafi jöfn tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við hana. Hluthafar skulu þannig eiga þess kost að gera stjórn félagsins grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri þess og leggja spurningar fyrir stjórnina.“

Í starfsreglum stjórna ætti að vera lögð áhersla á að slík samskipti við hluthafa fari fram með formlegum hætti – þannig að ekki verði raskað jafnræði hluthafa, trúnaði einstakra stjórnarmanna við félagið og að ekki rísi ágreiningur um hvað fram fór. Undirbúningur funda er því algert grundvallaratriði, s.s. hvaða málefni eru rædd og hver ekki, hverjir sitji fund af hálfu hvors aðila, hverjir eru upplýstir um fundinn – og ritun og varsla fundargerða.

Samskipti stjórna við hluthafa eiga ekki að einkennast af umræðum á bak við tjöldin eða átökum í fjölmiðlum eða á hluthafafundum. Gegnsæ og formleg samskipti við hluthafa eru hins vegar til þess fallin að stuðla að bættri ákvarðanatöku. Þannig verður langtímahagsmuna og sjálfbærni markaðarins best gætt.


– STÓRTÓNLEIKAR –
Bryan Ferry
16.05.16
– LEIKUR ÖLL SÍN BESTU LÖG FRÁ EIGIN FERLI OG ROXY MUSIC –
Harpa, Eldborg
HARPA.IS
BRYANFERRY.COM
TIX.IS
GAMMA
KEXLAND

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 30. mars 2016


**Íslenska úrvalsvísitalan**
1.863,27 -5,28
(-0,28%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## 1.971
**MILLJARÐUR Í VEÐMÁL**

Fjárfestar hafa veðjað að minnsta kosti 11 milljörðum punda, 1.971 milljarði króna, í það að gengi pundsins muni falla um yfir 4,5 prósent gagnvart Bandaríkjadal eftir kosningarnar um viðveru Breta í ESB þann 23. júní næstkomandi. Þetta jafngildir nærri því vergri landsframleiðslu Íslands.

## 45%
**HÆKKUN OLÍUVERÐS**

Olíuverð hefur hækkað um yfir 45 prósent frá því um miðjan febrúar, eftir að hafa fallið verulega í byrjun árs. Fundað verður um mögulega frystingu á framleiðslu á fundi leiðtoga olíufyrirtækja í næsta mánuði. Olíuverð lækkaði hins vegar fram eftir degi í gær.

**24.3.2016**

**Ég hef ekki frá því ég byrjaði í stjórnmálum fundið eins mikinn og þéttan stuðning og í þessu máli. Ég held að það sé vegna þess að þetta fólk sem hefur unnið með mér veit að ég hef verið vakinn og sofinn í þessari baráttu og hef ekkert látið stoppa mig í henni.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Framtíðin er núna

**Fjölmiðlun** er í sífelldri mótun eftir því sem tækni og neysluháttum fleygir fram.

**Í því samhengi** er algengt að heyra dómsdagsspár um örlög hefðbundinna fjölmiðlafyrirtækja. Oft halda spámennirnir því fram að fyrirtæki á borð við Netflix eða Spotify séu framtíðin.

**Þess vegna er áhugavert** að rýna í tölur og afkomu þessara nýju afþreyingarrisa, en þegar það er gert er varla hægt að komast að annarri niðurstöðu en að enn sem komið er hafi þeim ekki tekist að ramba á viðskiptamódel sem virkar.

**Tekjur sænsku** tónlistarveitunnar Spotify námu þannig réttum 1,1 milljarði Bandaríkjadala á síðasta ári, þrátt fyrir það skilar félagið enn tapi sem nam réttum 200 milljónum dala árið 2014. Bandaríska þjónustan Pandora, sem er áþekk Spotify, áætlar tekjur sínar á þessu ári um 1,4 milljarða Bandaríkjadala, og að tapið verði sambærilegt og hjá Spotify. Apple niðurgreiðir tap af tónlistarveitu sinni úr sínum djúpu vösum.

**Sambærilega sögu** er að segja af Netflix. Þrátt fyrir tekjur upp á rétta sjö milljarða Bandaríkjadala er EBIDTA hagnaður félagsins einungis 370 milljónir Bandaríkjadala. Það telst ekki mikið úr þessum mikla tekjustofni.

**Þrátt fyrir þetta er Netflix** metið á 43 milljarða dollara, eða tæplega 85-falt EBIDTA næsta árs. Til samanburðar er Sky, stærsta sjónvarpsfyrirtæki Bretlands, metið á tæplega tífalt EBIDTA. Sky er með langa sögu af arðbærum rekstri, bætir stöðugt við sig viðskiptavinum, er með tvöfalt hærri tekjur en Netflix og tífalt EBIDTA.

**Hvar liggur verðmunurinn?** Sennilega í væntingum um framtíðina.

**Ljóst er að fyrirtæki** á borð við Netflix og Spotify þurfa að hækka verð umtalsvert enda vandséð að hægt sé að fjölga notendum endalaust. Þar liggur hundurinn sennilega grafinn, því hvað gera notendurnir ef verðið hækkar upp úr öllu valdi?

**Hvað sem því líður** er ljóst að nýju afþreyingarrisarnir þurfa að réttlæta stjarnfræðilegt verðmatið fyrr eða síðar.

**Framtíðin er núna.**


HREINT
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.– des. 2015.




Allt sem þú þarft ...

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir starfskrafti í viðhaldi á húsnæði, má vera eldri men, reynsla skilyrði. Einnig vantar mann á hestaleigu, verður að vera vanur. Uppl. í s. 616 1569.

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

Leitum að dugmiklum starfskröftum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar í Reykjavík. 18 ára aldurstakmark og íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð í Skeifunni 5, á www.dekkjahollin.is eða með tölvupósti á thorgeir@dekkjahollin.is

**HOUSEKEEPERS**

Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks full time and part time housekeepers. Please send applications to: jobs@apartmentk.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

# fasteignir

## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Laugalækur 11

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Mikið endurnýjað 174,4 fm. raðhús á pöllum við Laugalæk. 4-5 svefnherbergi, samliggjandi stofur og tvennar svalir auk verandar á lóð. Að innan er húsið í góðu ástandi og hefur verið þó nokkuð endurnýjað á sl. árum, m.a. eldhúsinnrétting og tæki, bæði baðherbergi, gólfefni og innihurðir. Risloft er yfir húsinu, manngengt í mæni með steyptri gólfplötu, en óeinangrað. **Verð 50,9 millj. Verið velkomin.**

### Helluvað 7 - Glæsileg 4ra herb. útsýnisíbúð

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Útsýnisíbúð með suðursvölum í fjölbýlishúsi á mörkum Elliðavatns, Heiðmerkur og Rauðavatns. Sér bílastæði í lokaðri bílageymslu. Eingöngu tvær íbúðir á hverri hæð. Útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt. Til suðurs að Bláfjöllum, yfir Heiðmörk og Elliðavatn frá stórum suður svölum og stofu. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Góð aðkoma. Sameign snyrtileg. **Verð 44,5 millj. Verið velkomin.**

## Mávahlíð 20

miðhæð



**OPIÐ HÚS**
**fimmtudaginn 31.mars kl.17:00-17:30**

Góð 4ra herbergja sérhæð á þessum vinsæla stað

Eignin er 92 fm þar af eru geymslur 3,6 fm - Sérinngangur
Björt stór stofa, borðstofa sem nýta má sem svefnherbergi, gott hjónaherbergi og barnaherbergi
Flísalagðar suður svalir og góður suður garður
Nýlega er búið að endursteina húsið, drena og endurnýja skólplagnir undir lóð

Verð: **38,2 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Þórunn Pálsdóttir,**
löggiltur fasteignasali
sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## TRAUSTI fasteignasala



*Kristján Baldursson hdl.*
*Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*

### Berjarimi 28




**Opið hús í dag 30. mars kl. 17:30-18:00.**
Falleg 3ja herbergja 89,9 fm íbúð í Rimahverfi í Grafarvogi. Íbúðin er með sérinngangi. Stæði í bílageymslu fylgir.
**Verð 31,8 mkr**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

## Flyðrugrandi 18



**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 30.mars kl.17:00-17:30**

Falleg, björt og vel skipulögð íbúð við Flyðrugranda
3 herbergja - 68 fm
Mikið endurnýjuð
Góð staðsetning í hjarta vestubæjarins

Verð: **32,9 millj.**



Bókaðu skoðun:
**Páll Þórólfsson**
aðstoðm. fast.
sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -






## Ásgarðsland

200 hektarar lands með samþykkt deiliskipulag f. 85 sumarhúsalóðir

M.a. lóðir sem liggja meðfram Soginu

Blómleg sumarhúsabyggð nú þegar á landinu

Möguleiki á uppbyggingu ferðatengdrar þjónustu.



Áhugasamir hafi samband við
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Holtsvegur 37-39

## Glæsileg fjölbýlishús í Urriðaholti í Garðabæ




**Opið hús í dag 30. mars kl. 17:00 – 18:00 við Holtsveg 37-39, Urriðarholti.**

- Vandaðar íbúðir í lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara
- Á efstu hæð eru glæsilegar penthouse-íbúðir
- Stærðir frá 90 til 140 fm
- Þriggja til fjögurra herbergja íbúðir



**Elka Guðmundsdóttir**
viðskiptafræðingur /
í námi til lögg.fasteignasala
s. 863-8813



**Sigurður Tyrfingsson**
löggiltur fasteignasali
s. 898-3708
sigurdur@gardatorg.is

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN
**Þóroddur S. Skaptason lögg. fasteignasali**
GARÐATORGI 7, 210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800 • is www.gardatorg.is



Elskulegur faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Ormur Hreinsson**

Sölvöllum, Eyrarbakka,
áður Birkivöllum 27, Selfossi,

lést laugardaginn 12. mars.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju
þriðjudaginn 5. apríl kl. 13.30.

**Guðrún Ormsdóttir** **Þorsteinn Bjarnason**
**Olga Björg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín,
móðir, amma og langamma,

**Thanh Tran**

Reynimel 90,

lést á Landspítalanum
mánudaginn 28. mars.
Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni
í Reykjavík föstudaginn 1. apríl kl. 10.30.
Aðstandendur vilja þakka starfsfólki blóðskilunar- og
hjartadeildar fyrir einstaka umönnun og aðhlynningu.

**Sang Hoa Ly**
**Lana Lý og systkini**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Christina Kjartansson - Grashoff**

hjúkrunarfræðingur,
Fróðengi 10, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum við
Hringbraut laugardaginn 26. mars. Jarðarförin fer fram
í Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 31. mars kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Kjartan H. Valdimarsson** **Leola Valdimarsson**
**Guðrún Valdimarsdóttir**
**Jóhann F. Valdimarsson** **Jónína G. Kristinsdóttir**
**Arnór Valdimarsson** **Elísabet Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegi tengdafaðir, afi og langafi,

**Bergsteinn Ólason**

húsasmiður,

andaðist á Heilbrigðisstofnun
Suðurnesja sunnudaginn 20. mars.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
þriðjudaginn 5. apríl kl. 13.00.

**Kristján Kristjánsson**
**Rán Bachmann Einarsdóttir** **Garðar Ingi Ingvarsson**
**Einar Valur B. Garðarsson**
**Alexander Valur B. Garðarsson**
**Ingvar Valur B. Garðarsson**
**Steinunn Kristjánsdóttir**
**Andrés Lars Kristjánsson**



Kær sonur, faðir, bróðir og frændi,

**Hinrik Gunnar Hilmarsson**

Skyggnisbraut 20, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans
í Kópavogi þann 24. mars sl.
Minningarathöfn verður haldin
í Langholtskirkju þann 31. mars nk.
kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir
en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild
Landspítalans í Kópavogi.

**Bergljót Gunnarsdóttir**
**Hilmar Eyjólfsson** **Erna Halldórsdóttir**
**Sunna Dís Ingibjargardóttir**
**Hrönn Hilmarsdóttir** **Heimir Haraldsson**
**Hörður Eyjólfur Hilmarsson** **Milena Nadoeva**
**Hugrún B. Haraldsdóttir** **Ottó G. Eiríksson**
**Hrafnhildur B. Haraldsdóttir** **Hannes J. Hafstein**
**og frændsystkini.**



**„Mér finnst mikilvægt að unga fólkið fái að túlka efni sem það tengir við, syngi á íslensku og skilji hvert einasta orð," segir Þórunn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hlini kóngsson, ástsjúkar skessur og ýmsir fuglar

**Ævintýraóperan Hlini verður frumsýnd í Iðnó á föstudaginn af 27 nemendum Tónlistarskólans í Reykjavík. Þórunn Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri er bæði höfundur óperunnar og leikstjóri og segir sprell, grín og gaman einkenna efnið.**

„Verkið er samið upp úr hinu gamla ævintýri um Hlina kóngsson. Auk hans koma þar við sögu stúlkan Signý Karlsdóttir, ástsjúkar skessur og ýmsir fuglar." Þetta segir Þórunn Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, um óperu sína Hlina sem sýnd verður í Iðnó 1., 2., 4. og 5. apríl klukkan 20.

Þótt óperan heiti eftir aðalsöguhetjunni segir Þórunn Hlina ekki endilega með stærsta sönghlutverkið. „Hlini lendir í því, eins og í ævintýrinu, að hann er svæfður með svönum af og til. Því eyðir hann löngum tíma á sviðinu steinsofandi og þá reynir ekki mikið á dramatíska túlkun hans. En til að lífga upp á söguna og fjölga hlutverkum bætti ég persónum við. Fyrir utan svanina, hina klassísku fugla í þessu ævintýri, eru þar bæði hrafn og fýll. Svo er einn mjög dramatískur fugl, það er óminnishegri og þegar hann syngur gleyma bæði manneskjur og skepnur öllu sem þær kunna. Til dæmis gleymir Hlini öllu um stúlkuna sem hann elskar, hana Signýju sem er komin til tröllanna, gleymir að frelsa hann. Það er dramatískt."

Þórunn hefur oft samið óperur og söngleiki og Hlini var sýndur fyrir sex árum af þeim nemendum sem þá voru í Tónlistarskólanum í Reykjavík. „Það er auðvitað svolítið sjálfmiðað að setja upp eitthvað eftir sjálfan sig en mér finnst mikilvægt að unga fólkið fái að túlka efni sem það tengir við, syngi á íslensku og skilji hvert einasta orð og það eru bara ekkert margar óperur sem henta akkúrat þessu getustigi. Flytjendurnir eru mislangt komnir í námi, sumir að klára, þeir raðast í stærstu hlutverkin og svo fá aðrir minni hlutverk eða eru í kórnum."

Sprell, grín og gaman einkennir óperuna Hlina sem er við allra hæfi, að sögn Þórunnar. „Börn ættu að hafa gaman af þessu efni og ég tel hollt fyrir þau að vita að íslensk tröll geti verið svolítið hættuleg," segir hún og bætir við: „En svo blómstrar ástin og allt fer vel að lokum. Það veitir ekkert af því, miðað við ýmislegt sem er að gerast í heiminum, að fá sögu sem endar vel." **gun@frettabladid.is**



**Elfur Sunna Baldursdóttir í hlutverki Signýjar og Sigurjón Jóhannsson í hlutverki Hlina.**

**Börn ættu að hafa gaman af þessu efni og ég tel holt fyrir þau að vita að íslensk tröll geti verið svolítið hættuleg.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ársæll Teitsson**

byggingameistari,
Víðivöllum 3, Selfossi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á
dvalarheimilinu Lundi þriðjudaginn
22. mars. Útför hans fer fram
frá Marteinstungukirkju
laugardaginn 2. apríl kl. 14.00.

**Kristín Ágústa Ársælsdóttir** **Tryggvi Rúnar Pálsson**
**Sigurjón Ársælsson** **Guðrún Þóra Garðarsdóttir**
**Sigríður Ársælsdóttir** **Þórarinn Arngrímsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Víðir Páll Þorgrímsson**

kaupmaður,
Hólahjalla 8, Kópavogi,

lést laugardaginn 26. mars síðastliðinn.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jóhanna Haraldsdóttir**
**Haraldur Þór Víðisson**
**Haukur Víðisson**
**Ingibjörg Margrét Víðisdóttir**
**Björn Víðisson**
**tengdabörn, afabörn og langafabörn.**

# Sankar að sér Eyjafjallajökulssögum

**Áætlað er að eldgosið í Eyjafjallajökli 2010 hafi haft áhrif á ferðaplön hátt í tíu milljóna manna meðan það stóð yfir. Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, var einn þeirra sem lentu í brasi og safnar nú reynslusögum úr gosinu úr öllum heimshornum.**

„Aðdragandinn er líklega sá að ég lenti sjálfur í basli í gosinu. Ég var í Noregi og kom heim eftir krókaleiðum. Það var svo súrrealískt ferðalag að það lá við að ég hefði gaman af því,“ segir Gísli Pálsson mannfræðingur um rannsóknarverkefni sitt Volcanologues. Í tengslum við það safnar hann sögum sem gerðust þegar um tuttugu þjóðir ákváðu að stöðva flugumferð um lofthelgi sína vegna eldfjallaösku frá Eyjafjallajökli 2010. Talið er að tíu milljónir hafi breytt ferðaplönum vegna þess.

Í stað þess að heimferðin frá Ósló tæki þrjá tíma hjá Gísla urðu þeir þrjátíu og sex. Löng bið og þvælingur á flugvelli í Bretlandi þar sem bráðabirgðafyrirkomulag ríkti í afhendingu á töskum og inntékki, flug þaðan til Akureyrar og rútuferð þaðan suður um nótt er í reynslubankanum.

„Þarna var fólk allt í sömu stöðu og auðvitað fór allt vel. Ég var oft á fundum erlendis um þetta leyti og hitti þar fólk sem hafði lent í alls konar veseni vegna gossins, misst af flugi, ekki komist til að sækja krakkana í skólann eða á áríðandi fund. Það hvarflaði að mér þá að sanka að mér frásögnum en fannst staðan pínu vandræðaleg, eins og við Íslendingar værum valdir að gosinu og lá við að ég skammaðist mín fyrir að vera með eldfjallið í bakgarðinum.“

**... fannst staðan pínu vandræðaleg, eins og við Íslendingar værum valdir að gosinu og lá við að ég skammaðist mín fyrir að vera með eldfjallið í bakgarðinum.**

Nú kveðst Gísli vera að skrifa bók um Eyjagosið 1973 og það hafi dregið hann út í pælingar um áhrif eldgosa á mannlíf. „Þá kom hugmyndin um sögusöfnun vegna Eyjafjallajökulsgossins upp á borðið aftur og ég vona að ég nái til fólks á samfélagsmiðlunum,“ segir hann og bendir fólki á að senda stutta frásögn og jafnvel myndir, teikningar eða önnur skjöl á netfangið volcanologues2010@gmail.com ásamt nafni og netfangi höfundar. „Mig langar að birta sögurnar og gögnin á heimasíðu verkefnisins og í prentuðu úrvali,“ segir hann. „Því dramatískara sem efnið er, því betra, hvort sem það er frá Íslandi eða öðrum heimshlutum.“

gun@frettabladid.is


„Ég var í Noregi og kom heim eftir krókaleiðum. Það var svo súrrealískt ferðalag að það lá við að ég hefði gaman af því,“ segir Gísli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Gunnar Hallgrímsson**

Akurgerði 25, Vogum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 25. mars. Útförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju laugardaginn 2. apríl kl. 14.00.

**Ásgeir Gunnarsson — Ósk Sigmundsdóttir**
**Hallgrímur Gunnarsson**
**Ragnheiður Ásdís Gunnarsdóttir**
**Kjartan Gunnarsson — Guðbjörg Matthíasdóttir**
**Jóhann Gunnarsson — Guðlaug Gunnarsdóttir**
**Eyjólfur Örn Gunnarsson**
**Gunnar Garðar Gunnarsson**
**systur, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir minn, sonur okkar, bróðir, mágur, tengdasonur og barnsfaðir,

**Aron Brimir**

frá Raufarhöfn,

lést þann 27. mars síðastliðinn. Jarðarför auglýst síðar.

**Adel Brimir Aronsson**
**Fjóla B. Þorgeirsdóttir — Þorbergur Gestsson**
**Alma Ýr Þorbergsdóttir — Margeir Þór Eggertsson**
**Signý Lind Þorbergsdóttir — Helgi Rúnar Einarsson**
**Ásta Hermannsdóttir — Halldór Halldórsson**
**Henný Lind Halldórsdóttir**

---



✝

Elskulegi fallegi sonur okkar, bróðir, mágur og barnabarn,

**Gestur Breiðfjörð Ragnarsson**

Laut 16, Grindavík,

lést sunnudaginn 21. mars. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, fimmtudaginn 31. mars. kl. 14.00.

**Ragnar Breiðfjörð Gestsson — Margrét Helgadóttir**
**Ásta Birna Björnsdóttir — Roberto Carlos**
**Arnór Benedikt Ragnarsson**
**Ásthildur Gunnarsdóttir — Jóhanna Garðarsdóttir**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Karl Einarsson**

húsasmíðameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, þriðjudaginn 22. mars. Jarðsett verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 1. apríl kl. 15.00.

**Kristján Á. Bjarnason — Kristín Sveinbjörnsdóttir**
**Einar Karlsson**
**Sverrir Karlsson**
**Birgir Þ. Karlsson — Agnes Raymondsdóttir**
**Hrafnhildur Karlsdóttir — Tómas H. Tómasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Anna Luckas**

forstjóri, áður til heimilis að Ásbúð 96, Garðabæ,

andaðist laugardaginn 19. mars. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju í dag, miðvikudaginn 30. mars, kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta hjálparstarf þurfandi og veikra barna njóta þess.

**Udo Luckas — Rósa Linda Thorarensen**
**Claudia M. Luckas — Þórður Bachmann**
**Frank D. Luckas — Gígja Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar föður míns, tengdaföður og afa,

**Sveins H. Ragnarssonar**

fv. félagsmálastjóra í Reykjavík.

